



## **Hvað er þjóðarmorð?**

Áhrif hugtaksins á afstöðu tyrkneskra stjórnvalda til fjöldamorðanna á Armenum í Ottómanveldi

Pórður Jóhannsson

**Lokaverkefni til BA-gráðu í stjórn málafræði**

**Félagsvísindasvið**

**Október 2015**

## **Hvað er þjóðarmorð?**

*Áhrif hugtaksins á afstöðu tyrkneskra stjórnvalda til fjöldamorðanna á Armenum í  
Ottómanveldi*

Þórður Jóhannsson

Lokaverkefni til BA-gráðu í stjórnmálafræði

Leiðbeinandi: Silja Bára Ómarsdóttir

Stjórnmálafræðideild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Október 2015

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA-gráðu í stjórnmálafræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Þórður Jóhannsson 2015  
291288-2949

Reykjavík, Ísland 2015

## Útdráttur

Lengi hefur verið deilt um hvort fjöldamorðin á Armenum í Ottómanveldi hafi verið þjóðarmorð eður ei. Í þessari ritsmíð var hugtakið þjóðarmorð (e. genocide) rannsakað ítarlega og skoðað hvort það hafi haft teljandi áhrif á afstöðu tyrkneskra stjórnvalda til fjöldamorðanna á Armenum í Ottómanveldi. Þann 9. desember árið 1948 héldu Sameinuðu þjóðirnar ráðstefnu um hvernig megi koma í veg fyrir og refsa fyrir þjóðarmorð en mörg af verstu fjöldamorðum sögunnar, þar með talin fjöldamorðin á Armenum, falla ekki undir takmarkaða skilgreiningu Sameinuðu þjóðanna á þeim. Í ritgerðinni var skilgreining Sameinuðu þjóðanna rannsökuð sem og gagnrýni fræðimanna á hana en flestir þeirra telja hana of þrönga. Fjallað var um muninn á stríði og þjóðarmorðum en tyrknesk stjórnvöld hafa meðal annars sagt fjöldamorðin á Armenum afleiðingu borgarastyrjaldar. Hugtakið þjóðernishreinsanir (e. ethnic cleansing) hefur einnig verið notað, í stað þjóðarmorða, til að lýsa fjöldamorðunum á Armenum. Reynt var að útskýra muninn á þjóðarmorði og öðrum hugtökum, til dæmis þjóðernishreinsunum, sem orðið hafa til við vinnu fræðimanna ásamt því að skoða nokkrar af helstu orsökum þjóðarmorða. Tekin var rökstudd afstaða til þess hvort fjöldamorðin á Armenum hafi verið þjóðarmorð eður ei.

Helstu niðurstöður eru þær að með skoðun á sögulegum staðreyndum er hægt að rökstyðja að fjöldamorðin á Armenum hafi verið þjóðarmorð samkvæmt fræðilegu skilgreiningunni. Líkt og Raphael Lemkin, „faðir“ hugtaksins, hafa flestir fræðimenn viljað víkka hugtakið út, þannig það nái til hópa sem skilgreindir eru á félags- og stjórnsmálalegum grundvelli. Með skoðun á sögulegum staðreyndum er einnig hægt að sýna fram á að tyrknesk stjórnvöld hafi orðið ákveðnari í afneitun sinni eftir að hugtakið þjóðarmorð kom fram á sjónarsviðið árið 1948.

## **Formáli**

Ritgerð þessi er lokaverkefni mitt til B.A. gráðu í stjórnmálafræði við stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands. Hún er metin til 12 ECTS eininga (af 180) og var skrifuð sumarið 2015 vegna útskriftar haustið 2015. Leiðbeinandi minn var Silja Bára Ómarsdóttir. Ritgerðin var skrifuð í París en þar ákvað ég að eyða sumrinu eftir að hafa stundað skiptinám í borginni. Fundir okkar Silju fóru fram með hjálp Skype, Facebook og í gegnum tölvupósta og reyndist það ekki koma niður á leiðsögn hennar, sem var frábær í alla staði.

Þá vil ég þakka Dúa Landmark, Birni Davíð Kristjánssyni, Pétri Gunnarsyni og Jóhönnu Sigurjónsdóttur fyrir yfirlestur á ritgerðinni. Einnig verður að þakka öðrum vinum mínum í stjórnmálafræði fyrir samferðina í gegnum námið en án þeirra hefði lærdómurinn ekki verið sá sami.

## Efnisyfirlit

<b>ÚTDRÁTTUR.....</b>	<b>3</b>
<b>FORMÁLI.....</b>	<b>4</b>
<b>EFNISYFIRLIT.....</b>	<b>5</b>
<b>INNGANGUR.....</b>	<b>6</b>
<b>1 KENNINGAR.....</b>	<b>8</b>
1.1 ÞJÓÐ OG ÞJÓÐARMORÐ.....	8
1.2 SKILGREINING SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA Á ÞJÓÐARMORÐI.....	10
1.3 GAGNRÝNI FRÆÐIMANNA Á SKILGREININGU SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA	13
1.4 STRÍÐ OG ÞJÓÐARMORÐ.....	15
1.5 ÞJÓÐERNISHREINSANIR OG AÐRAR GERÐIR MORÐA.....	17
1.6 FLÓKNAR ORSAKIR ÞJÓÐARMORÐA.....	19
<b>2 FJÖLDAMORÐIN Á ARMENUM Í OTTÓMANVELDI.....</b>	<b>24</b>
2.1 ARMENSKU FJÖLDAMORÐIN ÁRIN 1894-1909.....	24
2.2 ARMENSKU FJÖLDAMORÐIN ÁRIN 1915-1917.....	27
<b>3 AFSTAÐA TYRKNESKRA STJÓRNVALDA TIL FJÖLDAMORÐANNA.....</b>	<b>30</b>
3.1 VORU FJÖLDAMORÐIN Á ARMENUM ÞJÓÐARMORÐ?.....	30
3.2 AFSTAÐA TYRKNESKRA STJÓRNVALDA FYRIR 1948.....	32
3.3 AFSTAÐA TYRKNESKRA STJÓRNVALDA EFTIR 1948.....	35
<b>4 SAMANTEKT OG NIÐURSTÖÐUR.....</b>	<b>39</b>
<b>LOKAORÐ.....</b>	<b>40</b>
<b>HEIMILDASKRÁ.....</b>	<b>42</b>

## Inngangur

Því hefur verið haldið fram að veruleiki okkar sé félagslega skapaður og tungumálið gegni í því samhengi lykilhlutverki. Tungumálið er eitt öflugasta verkfæri mannsins og verða því merking og skilgreining orða og hugtaka seint vanmetin. Hugtakið „þjóðarmorð“ (e. genocide) er einmitt gott dæmi um hugtak sem býr yfir miklum áhrifamætti. Tilkoma þess inn í orðaforða mannsins hefur haft afgerandi áhrif á hvaða augum almenningur lítur fjöldamorð fortíðarinnar. Óhjákvæmilega vaknar því spurningin um hvort fjöldamorð, sem vöktu ekki mikla athygli áður, geti flokkast sem þjóðarmorð. Þjóðarmorð, þrátt fyrir deilur um skilgreiningu þess, hefur sterka og frekar skýra siðferðis- og lagalega þýðingu. Beiting hugtaksins gagnvart fjöldamorðum sem hafa átt sér stað getur haft þau áhrif að ríki þurfa að takast á við misgjörðir fortíðar og endurskilgreina þær. Um leið á sér stað endurskilgreining á sjálfsímynd þeirra, sem og þeirri ímynd sem snýr að alþjóðasamfélaginu. Tyrkland er eitt þeirra ríkja sem hefur þurft að líta til fortíðar og svara erfiðum spurningum varðandi fjöldamorð tyrkneskra stjórnvalda á Armenum í Ottómanveldi. Í þessari ritgerð er afstaða tyrkneskra stjórnvalda til fjöldamorðanna á Armenum í Ottómanveldi rannsökuð. Skoðað er hvort, og þá hvernig, afstaða þeirra breyttist eftir að hugtakið þjóðarmorð kom fram á sjónarsviðið árið 1948.

Ritgerð þessi er heimildaritgerð. Þær heimildir sem unnið var með voru að mestu fræðilegar bækur og greinar úr fræðilegum tímaritum. Tvær heimildir voru notaðar í meira mæli en aðrar. Fyrri heimildin er fyrsta útgáfa bókarinnar *What is Genocide?* eftir Martin Shaw og sú síðari er fyrsta útgáfa bókarinnar *The Burning Tigris: A History of the Armenian Genocide* eftir Peter Balakian. Fyrri bókin er afbragðs yfirlit yfir flókið viðfangsefni og reyndist nytsamlegur leiðarvísir. Seinni bókin er ítarleg og vel unnin sagnfræðileg heimild um fjöldamorðin á Armenum í Ottómanveldi. Báðar bækurnar hafa fengið góðar umsagnir og þykja öflugt framlag til fræðimennsku á sviði þjóðarmorða.

Fyrsti hluti ritgerðarinnar er kenningaleg umfjöllun þar sem hugtakinu þjóðarmorð er gert ítarleg skil. Eðli málsins samkvæmt verður einnig gert grein fyrir hugtakinu „þjóð“. Að skilgreina þjóðarmorð er í raun forsenda þess að geta rætt afstöðu tyrkneskra stjórnvalda, enda þykir hugtakið margræðið. Ýmsar skilgreiningar eru til en sú þekktasta er líklega skilgreining Sameinuðu þjóðanna. Sú þykir umdeild, sér í lagi á meðal fræðimanna, sem margir hverjir telja hana of takmarkaða. Þrátt fyrir að vera almennt sammála um að víkka þurfi skilgreininguna greinir fræðimenn á um hvernig skuli gera það. Fjallað er um skilgreiningu Sameinuðu þjóðanna ásamt því að farið er yfir helstu gagnrýni fræðimanna á hana. Samband

stríða og þjóðarmorða er kannað en einnig er gerð grein fyrir þjóðernishreinsunum og öðrum hugtökum sem orðið hafa til við fræðilega vinnu á sviði þjóðarmorða. Í lok fyrsta hluta eru rannsakaðar nokkrar mögulegar orsakir þjóðarmorða.

Eftir að búið er að gera hugtakinu þjóðarmorð ítarleg skil, er gerð grein fyrir fjöldamorðunum á Armenum í Ottómanveldi í öðrum hluta ritgerðarinnar. Yfirleitt er talað um að þau hafi átt sér stað á árunum 1915-1917. Sumir vilja þó meina að þau hafi byrjað mikið fyrr, jafnvel fyrir aldamótin 1900. Það veit enginn nákvæmlega hvenær fyrsti eða síðasti Armeninn féll og skiptir það í sjálfu sér ekki máli fyrir efni þessarar ritgerðar. Afneitun tyrkneskra stjórnvalda gerir það hins vegar en þau hafa alla tíð neitað fyrir að fjöldamorðin á Armenum hafi verið þjóðarmorð. Þau hafa lagt mikla áherslu, tíma og bjargir í að sannfæra, bæði eigin borgara og önnur ríki um slíkt hið sama. Á meðal aðferða sem tyrknesk stjórnvöld hafa beitt eru ritskoðun, þrýstingur, hótanir, handtökur og fleira. Sem dæmi má nefna að í Tyrklandi eru í gildi lög gegn því að kalla fjöldamorðin á Armenum þjóðarmorð og getur sá sem gerist sekur um það átt von á því að fara í fangelsi.

Í þriðja og síðasta hluta ritgerðarinnar er fyrst tekin rökstudd afstaða til þess hvort fjöldamorðin á Armenum hafi verið þjóðarmorð eða ekki, með tilliti til umfjöllunarinnar í fyrsta og öðrum hluta. Síðast er borin saman afstaða tyrkneskra stjórnvalda fyrir og eftir árið 1948.

Helstu niðurstöður ritgerðarinnar eru þær að þó að fjöldamorðin á Armenum í Ottómanveldi hafi ekki verið þjóðarmorð samkvæmt skilgreiningu Sameinuðu þjóðanna voru þau þjóðarmorð samkvæmt fræðilegu skilgreiningunni. Fræðileg skilgreining fékkst með því að bera saman skilgreiningar fræðimanna á sviði þjóðarmorða, sem eru efnislega þær sömu. Einnig eru færð rök fyrir því að tyrknesk stjórnvöld hafi orðið ákveðnari í afneitun sinni eftir árið 1948 og tilkoma hugtaksins þjóðarmorð hafi átt ríkan þátt í því.



# 1 Kenningar

## 1.1 Þjóð og þjóðarmorð

Mannkynssagan hefur einkennst af yfirráðum þess sterkari yfir þeim veikari. Þúkídídes (460-395 f.Kr.) sagði til að mynda að þeir sterku geri það sem þeir geta og þeir veiku þjáist eins og þeir þurfa (Thucydides 416 f.Kr, 1). Þeir sterku geta gengið hart fram í yfirgangi sínum til að tryggja öryggi sitt og völd. Valdhöfum sem tilheyra ákveðnum hópi á grundvelli þjóðar, trúar eða kynþáttar, getur fundist þeim standa ógn af þeim sem tilheyra öðrum slíkum hópum í sama samfélagi. Ef samlífi hópanna gengur ekki upp getur valdameiri hópnum fundist hann knúinn til að útrýma meðlimum hins hópsins eða fjarlægja þá alfarið úr samfélaginu. Slíkar aðgerðir hafa stundum í seinni tíð verið kallaðar þjóðarmorð og eru bannaðar samkvæmt alþjóðalögum eins og nánar er skýrt frá á eftir. Heimildir benda til að þjóðarmorð hafi, líkt og í nútímanum, verið framin í hinum forna heimi. Þau heyrðu þó til undantekninga og voru þeir sigruðu í raun mun líklegri til að vera hnepptir í þrældóm en að vera útrýmt. Í þriðja stríðinu við Samníta (298-290 f.Kr.), sem dæmi, sigruðu Rómverjar meira en tíu borgir og hnepptu 40.000 manns í þrældóm en frömdu ekki eitt einasta fjöldamorð, þrátt fyrir yfirburðastöðu sína. Það þýðir þó ekki að hendur þeirra hafi verið hreinar en þeir gerðust til dæmis sekir um þjóðarmorð í stríðsbrölti sínu um Miðjarðarhaf. Rómarveldi og önnur ríki með herskóa útþenslustefnu gerðust oftast sek um þjóðarmorð en lág tíðni þeirra bendir til að það hafi verið meðvituð ákvörðun hverju sinni frekar en óhjákvæmileg afleiðing stríðsátaka. Ástæðurnar fyrir þjóðarmorðum á þessum tíma virðast hafa verið trú, keppni um efnisleg gæði eða orðstír. Reyndar gat tilfinningahiti einnig spilað inn í og einstaka sinnum var hægt að rekja ástæðuna til þjóðernis eða kynþáttar (van Wees 2012, 1-14).

Á miðöldum jókst mikilvægi þjóðernis í Evrópu. Það var í raun álitid nauðsynlegt hugtak fyrir söguskilning almennings. Afleiðingar þeirrar miklu áherslu sem var lögð á þjóðerni var stórleg einföldun og ýkt skynjun þjóða um mikilvægi þess. Á miðöldum voru hugmyndir fólks um hvernig skilja ætti eða skilgreina útrýmingu samfélagshópa alla jafna óljósar og voru í raun hugmyndir um það notaðar meira en efni stóðu til. Morð voru þó alltaf beint eða óbeint hluti af hugmyndum og verkum rithöfunda á miðöldum en þeir settu þó sjaldnast fram ákveðna kerfisbundna aðferð til framkvæmdar. Í raun voru hugmyndir þeirra nær nútíma hugmyndum um þjóðernishreinsanir en hugmyndum um skipulögð fjöldamorð, kjarnans í þjóðarmorðum (Scales 2012, 4). Þjóðernishreinsunum verður gerð skil síðar í ritgerðinni en fyrst verður farið ofan í kjölinn á þjóðarmorðum.

Orðið þjóðarmorð er samsett úr gríska orðinu *genos* (e. kynþáttur eða kynstofn) og latneska orðinu *cide* (e. morð) (Ingelaere o.fl., 2013, 1). Á íslensku þýðir gríska orðið *genos* þjóð. En hvað er þjóð (e. nation)? Til að útskýra hugtakið „þjóðarmorð“ þarf fyrst að skilgreina hvað felst í hugtakinu „þjóð“ en merking þess hefur breyst og þróast með tímanum. Bæði á ensku og fleiri málum er það komið af latneska orðinu *natio* og var upphaflega notað af Rómverjum yfir útlendinga sem þeim þóttu sér ekki samboðnir. Á 15. og 16. öld var orðið notað yfir nemendur og snerist formgerð háskólalífsins á þessum tíma í raun um mismunandi þjóðir nemenda. Fyrir vikið þróaðist merking hugtaksins yfir í að tákna samfélag fólks með sameiginlegar skoðanir, tilgang og uppruna. Með öðrum orðum þá þróaðist hugtakið „þjóð“ úr því að vera óskilgreint hugtak yfir í að vera aðgreindir, ólíkir og sjálfstæðir hópar eftir uppruna, skoðunum og tilgangi. Shiv Visvanathan tengir þetta aðgreiningarferli útilokunar við eðli þjóðarmorða (Visvanathan 2006, 533). Franski heimspekingurinn Ernest Renan hélt því fram að þjóð væri afmörkuð stjórnmálaleg eining sem borið hefur sigur í blóðugum átökum við aðrar slíkar. Hann vildi ekki takmarka þjóð við líffræði eða tungumál heldur sagði hann þjóð eiga rætur sínar í sameiginlegum minningum, um sigra og fórnir sem færðar hafa verið í þágu þjóðarinnar (Singley 2003, 36).

Eins og sjá má þá hefur merking þjóðar breyst í gegnum tíðina. Í raun hefur alltaf verið erfitt að festa eina þýðingu við hugtakið því það er í eðli sínu margræðið, rétt eins og hugtakið þjóðarmorð. Í seinni tíð hefur Benedict Anderson skilgreint þjóð sem „ímyndað stjórnarfarslegt samfélag sem er jafn takmarkað og það er fullvalda“<sup>1</sup> (þýðing mín). Með ímyndun á Anderson við að þrátt fyrir að meðlimir minnstu þjóðar heims muni á lífsleið sinni ekki þekkja, hitta eða heyra um nema lítið hlutfall af öðrum meðlimum þjóðarinnar munu þeir engu að síður tilheyra sama samfélagi í huga sínum. Þjóð er takmörkuð í þrennum skilningi. Í fyrsta lagi vegna þess að jafnvel stærstu þjóðir heims enda þar sem aðrar taka við. Engin þjóð telur landamæri sín þau sömu og landamæri alls mannkyns. Í öðru lagi er þjóð fullvalda vegna þess að hugtakið varð til á þeim tíma sem *upplýsingin* (e. Enlightenment) og *byltingin* (e. Revolution) lögðu í rúst lögmæti hugmyndarinnar um að skipulag samfélagsins væri frá guði komið. Eftir það þurftu jafnvel öfgafyllstu fylgjendur trúarbragða að horfast í augu við fjölhyggju þeirra. Einnig færðist trygging og tákn fyrir frelsi frá guði til ríkis og fullveldi þess. Í þriðja lagi þá er þjóð séð sem djúpt, lárétt samfélag bræðra og systra, þrátt fyrir að ójafnrétti og arðrán sé að finna í þeim öllum (Anderson 1982, 49-50).

---

<sup>1</sup> „It is an imagined political community – and imagined as both inherently limited and sovereign“

Nú þegar gert hefur verið grein fyrir hugtakinu þjóð er næst fjallað um hvernig hugtakið þjóðarmorð varð til og hvernig það er skilgreint samkvæmt Sameinuðu þjóðunum.

## 1.2 Skilgreining Sameinuðu þjóðanna á þjóðarmorðum

Í gegnum 19. öldina þótti stríðsrekstur sjálfsagður hluti af ríkisrekstri. Mikill tími fór í stríðsundirbúning, enda almenn vitneskja að sá sem var með stærsta og sterkasta herinn var líklegastur til sigurs. Evrópa sá nútíma stríðsrekstur í hillingum, án þess að gera sér grein fyrir hvað fólst í honum. Það kom þó í ljós með blóðböðunum við Verdun og Somme árið 1914 og í raun kom fyrri heimstyrjöldin mannfólkinu í skilning um að það gæti myrt bræður sína og systur án ótta við refsingu. Það má því segja að tenging þjóðarmorða við stríð hafi verið ljós strax í byrjun 20. aldar (Bartrop 2002, 520-522). Farið er betur í flókið samband þjóðarmorða við stríð síðar í ritgerðinni. Nú er hins vegar sagt frá því hvernig hugtakið þjóðarmorð varð til og hvernig það er skilgreint samkvæmt Sameinuðu þjóðunum.

Það má í raun segja að áhugi á þjóðarmorðum sem akademísku viðfangsefni hafi átt upphaf sitt í seinni heimstyrjöldinni. Helförin hefur fengið gríðarlega mikla athygli af hálfu fræðimanna, sem margir hverjir telja hana standa upp úr á meðal þjóðarmorða. Þeir segja hana sérstaka fyrir þær sakir að hún sé eina ósvikna tilraun ríkis, á grundvelli hugmyndafræði, til að útrýma öllum meðlimum eins þjóðfélagshóps. Þýska ríkið flokkaði gyðinga sem sérstakan líffræðilegan hóp, runninn undan djöflinum, sem nauðsynlegt væri að útrýma. Útrýming þeirra væri eina leiðin til að vernda Þýskaland og „aríana“ gagnvart kynmengun og á endanum útrýmingu. Áróður reyndist mikilvægasta vopnið í herferð nasista því án þess að svipta gyðinga mannlegum eiginleikum sínum hefði verið erfitt fyrir hermenn Hitlers að nota hin þróuðu vopn sín á þá. Eins og vitað er gerðu nasistar tilraun til að útrýma öllum gyðingum en voru sigraðir áður þeir náðu markmiði sínu. Eftir að stríðinu lauk og rykið settist fóru menn að sjá Helförina sem einstakt tilfelli í sögu fjöldamorða (Chalk 1989, 149-150). Nauðsynlegt var að komast að því hvað hafði í raun og veru komið fyrir og tryggja að það kæmi aldrei fyrir aftur.

Þann 9. desember árið 1948 héldu Sameinuðu þjóðirnar ráðstefnu í París um hvernig mætti koma í veg fyrir og refsa fyrir þjóðarmorð (e. Convention on the Prevention and Punishment of the Crime of Genocide). Á ráðstefnunni var samþykktur sáttmáli, sem tók formlega gildi þann 12. janúar 1949 og skilgreindi þjóðarmorð sem glæp (Gunter 2011, 28). Í sáttmálanum var lögð áhersla á að koma í veg fyrir og refsa þeim sem gerðust sekir um þjóðarmorð. Þó að skilgreiningin hafi verið Sameinuðu þjóðanna var hugtakið sjálft afsprengi pólsks lögfræðings

að nafni Raphael Lemkin (1900-1959). Lemkin var gyðingur sem rannsakaði ítarlega hersetu öxulveldanna í Evrópu í seinni heimstyrjöldinni (Kunz 1949, 738-739). Snemma árið 1940 flúði Lemkin hins vegar frá Austur-Póllandi, sem var á þessum tíma undir yfirráðum Sovétríkjanna, og komst ári síðar til Bandaríkjanna (Institute for Human Sciences Lemkin and Lauterpacht 2013).

Lemkin var lykilmaður í að festa glæpi nasista á spjöld sögunnar, meðal annars með því að skapa hugtakið þjóðarmorð (Weitz og Kayden 2008, 417). Ásamt Helförinni voru fjöldamorðin á Armenum í Ottómanveldi mikill áhrifavaldur á líf, störf og skilning Lemkins á þróun þjóðarmorða nútímans. Þess má geta að fjöldamorðin á Armenum í Ottómanveldi eru oft talin vera fyrstu nútíma þjóðarmorðin og Lemkin var í raun fyrsti maðurinn til að kalla þau þjóðarmorð (Balakian 2013, 60-61). Þrátt fyrir að hjólin hafi farið að snúast fyrir alvöru eftir stríð byrjaði vinna Lemkins mikið fyrir. Árið 1933 lagði hann til að grimmdarverk (e. barbarity) og skemmdarverk (e. vandalism), fyrirrennarar hugtaksins þjóðarmorð, yrðu skilgreind sem alþjóðaglæpir og gerð refsiverð gagnvart alþjóðalögum. Lemkin reyndi að skapa félags- og lögfræðilegt hugtak sem næði til allra ofbeldisverka, beint gegn hópum á grundvelli sameiginlegra einkenna. Lemkin vildi að brot gegn eignarrétti og ofsóknir féllu undir skilgreininguna, ásamt skipulögðu ofbeldi. Með öðrum orðum þá varaði hann sérstaklega við að þjóðarmorð yrðu túlkuð of þröngt (Shaw 2007, 18). Samkvæmt skilgreiningu Lemkins fól þjóðamorð í sér „útrýmingu á þjóð eða þjóðernishópi“<sup>2</sup> (þýðing mín). Með útrýmingu átti hann ekki aðeins við fjöldamorð (e. mass killings) heldur einnig „hvaða samhæfðu aðgerðir sem beint er gegn nauðsynlegum undirstöðum þjóðarbrotu til lífs, með þeim tilgangi að útrýma honum“<sup>3</sup> (þýðing mín) (Kunz 1949, 738-739). Að mati Lemkins var mikilvægt að horfa einnig á félagslegt ofbeldi en ekki eingöngu það líkamlega. Á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um hvernig megi koma í veg fyrir og refsa fyrir þjóðarmorð árið 1948 og við Nuremberg réttarhöldin, var aftur á móti lögð meiri áhersla á morð. Ástæðan fyrir því var lögfræðileg, enda minna rými til túlkunar á hvað telst morð en hvað telst félagslegt ofbeldi (Shaw 2007, 22). Þrátt fyrir að vera undir miklum áhrifum frá Lemkin varð hin samþykkt skilgreining Sameinuðu þjóðanna mun þröngri en hann hefði sjálfur kosið. Engu að síður gegnir skilgreiningin mikilvægu hlutverki í alþjóðalögum gegn glæpum og er um leið tákni um sameiginlega afstöðu ríkja til þjóðarmorða (Verdeja 2012, 309).

---

<sup>2</sup> „Destruction of a nation or ethnic group“

<sup>3</sup> „Coordinated plan of different actions aiming at the destruction of essential foundations of the life of national group, with the aim of annihilating the group themselves“

Sáttmáli Sameinuðu þjóðanna um hvernig megi koma í veg fyrir og refsa fyrir þjóðarmorð telur 19 greinar. Í þeirri fyrstu segir að þjóðarmorð séu glæpur sem varði við alþjóðalög, óháð því hvort þau séu framin á tímum stríðs eða friðar. Lögin hafa þann tilgang að koma í veg fyrir þjóðarmorð eða refsa þeim sem gerast sekir um þau. Í annari grein eru þjóðarmorð skilgreind sem „aðgerðir með þann tilgang að útrýma hópi af ákveðnu þjóðerni, kynþætti eða trú“. Til aðgerða teljast morð á meðlimum hópsins; veiting alvarlegra líkamlegra eða andlegra áverka; vísitandi skerðing á lífsgæðum hópsins þannig það valdi útrýmingu hans í heild eða að hluta til; vísitandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir barnsfæðingar innan hópsins; flutningar með valdi á börnum hópsins yfir í annan hóp. Þriðja grein sáttmálans segir svo eftirfarandi vera refsivert: þjóðarmorð; samsæri um að fremja þjóðarmorð; bein og opinber hvatning til þjóðarmorða; tilraun til þjóðarmorða; samráð um þjóðarmorð (ICRC, 2015). Flest ríki hafa samþykkt sáttmálann sem felur í sér lagalega skyldu til að bregðast við, sé hann brotinn. Þrátt fyrir það hafa viðbrögð ríkja verið veik og þjóðarmorð eru áfram alvarlegt mein í samfélagi ríkja. Síðasta öld hefur til að mynda fengið hið alræmda viðurnefni „öld þjóðarmorðanna“ (e. age of genocide) (Shaw 2013, 23).

Skilgreining Sameinuðu þjóðanna á þjóðarmorðum hefur verið umdeild frá byrjun og þá sérstaklega á meðal fræðimanna sem við þau fást. Hún hefur meðal annars verið gagnrýnd fyrir að vera of takmörkuð. Gagnrýnendur segja að hún sé aðeins lagalegt tól til að sækja gerendur til saka og sakfella, en ætti að vera leiðarvísir við skoðun orsaka fjöldamorða og brottflutninga. Með öðrum orðum þá þykir skilgreiningin of lögfræðileg sem leiðir af sér að fræðimenn reyna frekar að sanna hvort eitthvað sé þjóðarmorð eða ekki, í stað þess að reyna að skilja orsakir þeirra (Ferrara 2015, 2-3). Vinna fræðimanna er ávallt erfiðari séu réttu verkfærin ekki í boði. En hvernig hafa fræðimenn brugðist við? Hvernig hafa þeir skilgreint þjóðarmorð? Er hægt að nota skilgreiningar þeirra til að skilja orsakir þjóðarmorða? Gagnrýni fræðimanna á skilgreiningu Sameinuðu þjóðanna og endurskilgreiningar þeirra eru efni næsta kafla.

### **1.3 Gagnrýni fræðimanna á skilgreiningu Sameinuðu þjóðanna**

Líkt og var fjallað um hér að framan fannst Lemkin skilgreining Sameinuðu þjóðanna á þjóðarmorðum of þröng. Það leið heldur ekki á löngu þar til aðrir fræðimenn fóru að gagnrýna skilgreininguna í verkum sínum. Martin Shaw hefur til að mynda bent á að litið sé fram hjá félagslegum tilgangi þjóðarmorða með því að skilgreina þau aðeins út frá morðinu sem slíku. Shaw tekur fram að augljóslega séu bæði morð og annað ofbeldi alltaf einkenni þjóðarmorða.

Hins vegar ræður tilgangurinn, sem og leiðir gerendanna að honum, því hversu mikið og hvers eðlis ofbeldið er (Shaw 2007, 34). Shaw og aðrir fræðimenn hafa því reynt að skapa nákvæmari en um leið víðtækari skilgreiningu en þá pólitísku málamiðlun sem samþykkt var á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna árið 1948 (Weitz og Hayden 2008, 415).

Sem dæmi hafa þeir Frank Chalk og Kurt Jonassohn, reyndir fræðimenn á sviði þjóðarmorða, sagt að nauðsynlegt sé að víkka út skilgreininguna eigi markmið hennar að vera að útskýra flókinn raunveruleika mannsins. Chalk og Jonassohn gagnrýna skilgreiningu Sameinuðu þjóðanna fyrir að ná ekki til hópa sem skilgreindir eru á félags- eða stjórnámálalegum grundvelli. Með því eiga þeir við hópa sem myrtir voru vegna stöðu sinnar í samfélaginu, líkamlegra einkenna eða skoðana. Sem dæmi um slíka hópa nefna þeir þær milljónir óbreyttra borgara í Sovétríkjunum á tímum Stalíns sem flokkaðir voru „óvinir fólksins“ og því teknir af lífi eða þá 500.000 kommúnista í Indónesíu sem myrtir voru á árunum 1965-1966. Vegna þess að skilgreining Sameinuðu þjóðanna nær ekki til þessara hópa hefur umræðan, líkt og áður kom fram, einkennst frekar af deilum um hvort eitthvað sé þjóðarmorð í lagalegum skilningi, í stað þess að finna leiðir til að koma í veg fyrir þau. Pakistönsk stjórnvöld hafa sem dæmi haldið því fram að fjöldamorð þeirra á *Awami* hindúum hafi ekki verið vegna trúarlegs ágreinings heldur vegna þess að þeir voru „óvinir ríkisins“. Því væru fjöldamorðin á þeim, samkvæmt skilgreiningu Sameinuðu þjóðanna, ekki þjóðarmorð. Þeim Chalk og Jonassohn fannst þetta ótækt og skilgreindu því sjálfir þjóðarmorð sem „fjöldamorð af hálfu ríkis eða annars yfirvalds á hópi sem það sjálft skilgreinir, með þeim tilgangi að útrýma honum“<sup>4</sup> (þýðing mín) (Chalk 1989, 151). Fjöldamorðin í Rússlandi, Indónesíu og Pakistan flokkast því sem þjóðarmorð undir þeirra skilgreiningu.

Barbara Harff er einnig á meðal þeirra fræðimanna sem gagnrýnt hafa skilgreiningu Sameinuðu þjóðanna og bent á takmarkanir hennar. Eins og þeim Chalk og Jonassohn finnst henni ótækt að skilgreiningin nái ekki til hópa sem skilgreindir eru út frá stjórnámálum. Hún notast því einnig við sína eigin skilgreiningu. Hún skilgreindi þjóðarmorð og morð á grundvelli stjórnámálaskoðana (e. *politicide*) sem að „hvetja, framkvæma og (eða) gefa í skyn samþykki fyrir stefnu ráðandi elítu eða fulltrúa hennar – eða öðru hvoru stríðandi yfirvaldi í borgarastyrjöld – sem ætlað er að útrýma, að öllu leyti eða að hluta til, samfélagslegum og

---

<sup>4</sup> Form of one-sided mass killing in which a state or other authority intends to destroy a group, as that group and membership in it are defined by the perpetrator“

stjórnmalalegum þjóðernishóp<sup>5</sup> (þýðing mín). Skilgreining Harff, sem er öllu tæknilegri en skilgreining Chalk og Jonassohn, tekur þannig til greina hópa sem, á grundvelli þjóðernis eða stjórnmalaskoðana, hafa orðið fyrir ofbeldi (stundum í borgarastyrjöldum) af hálfu annara slíkra hópa með þeim tilgangi að útrýma honum að öllu leyti eða að hluta til. Fjöldamorðin sem framin voru í Angóla upp úr 1970, og féllu ekki undir skilgreiningu Sameinuðu þjóðanna, eru því flokkuð sem þjóðarmorð samkvæmt skilgreiningu Harff. Harff segir að sé ætlunin að greina á milli þjóðarmorða og annara morða sé nauðsynlegt að spyrja fimm spurninga. Í fyrsta lagi hvort stjórnvald (eða önnur stríðandi fylkinga í borgarastyrjöld) hafi átt einhvern þátt í aðgerðum sem stofnuðu lífum í hættu. Í öðru lagi hvort það séu til einhver sönnunargögn (jafnvel umdeild) sem sýna fram á að stjórnvald hafi vísvitandi einangrað eða misþyrmt ákveðnum hópum. Í þriðja lagi hvort fórnarlömbin tilheyri sama skilgreinda hópnum. Í fjórða lagi hvort það sé til stefna eða áætlun sem miðar að langtíma þjáningu hópsins. Í fimmta og síðasta lagi hvort aðgerðir stjórnvalds hafi stofnað lífsafkomu hópsins í hættu (Harff 2003, 58-59).

Benjamin Valentino, prófessor í stjórnmálafræði við Dartmouth háskólann, tekur undir með þeim fræðimönnum sem nefndir hafa verið hér á undan. Honum þykir einnig skilgreining Sameinuðu þjóðanna vera takmörkuð og nefnir í því samhengi hvernig ein alræmdustu fjöldamorð sögunnar, morðin á andstæðingum kommúnista í Sovétríkjunum, Kína og Kambódíu flokkast ekki sem þjóðarmorð undir henni (Valentino 2007, 4).

Eins og sjá má er gagnrýni fræðimanna á skilgreiningu Sameinuðu þjóðanna að miklu leyti sú sama. Fræðimönnum þykir skilgreiningin of takmörkuð og illa til þess fallin að útskýra margbreytilegan og flókinn raunveruleikann. Shaw, Chalk og Jonassohn, Harff og Valentino vilja öll að hugtakið þjóðarmorð sé víkkað út og nái þannig til fleiri tilvika, á borð við fjöldamorðin í Sovétríkjunum, Kína, Kambódíu, Angóla og Pakistan. Tilvika þar sem fórnarlömbin eru sömu þjóðar og gerendurnir en tilheyra öðrum hópi á félagslegum, þjóðernislegum eða stjórnmálalegum grundvelli. Sagan sýnir okkur að ríki og stríðandi fylkingar eiga ekki í erfiðleikum með að myrða hópa innan sama samfélags. Í raun hafa skæðustu fjöldamorð sögunnar, framin af hálfu ríkja, verið gegn þeirra eigin þegnum. Stjórnvöld geta þó haldið því fram að fjöldamorð séu einfaldlega afleiðing stríðs. En hvenær eru fjöldamorð þjóðarmorð og hvenær eru þau afleiðing stríðs? Reynt er að greina þar á milli í næsta kafla.

---

<sup>5</sup> „The promotion, execution, and/or implied consent of sustained policies by governing elites or their agents – or, in the case of civil war, either of the contending authorities – that are intended to destroy, in whole or part, a communal, political or politicized ethnic group“

## 1.4 Stríð og þjóðarmorð

Líkt og komið hefur í ljós fer skilgreiningin á þjóðarmorðum eftir því hvaða fræðimaður á í hlut en flestar, jafnvel allar, eiga þó tvennt sameiginlegt. Í fyrsta lagi virðist kjarninn í þjóðarmorðum vera tilgangurinn að útrýma ákveðnum hópi með sameiginleg einkenni. Í öðru lagi eru þjóðarmorð hvorki afleiðing náttúruhamfara eða slysa né eru þau eingöngu afurð stríða eða annars konar ofbeldis, óháð því hversu margir láta lífið (Weitz og Hayden 2008, 415-416). En hvernig greinir maður á milli stríða og þjóðarmorða? Er það hægt? Eða eru hugtökin svo samtvinnuð að ekki er hægt að horfa á eitt án þess að taka hitt til greina um leið?

Margir fræðimenn tengja hugtökin óhjákvæmilega saman, enda þjóðarmorð algeng afleiðing stríðsreksturs. Lemkin gerir þó heiðarlega tilraun til að greina á milli þeirra. Meðal annars sagði hann að hefðbundnar reglur í stríðsrekstri ættu lítið sem ekkert skylt við það sem talið er eðli þjóðarmorða. Með því átti hann við að þjóðarmorð kæmu með eitthvað „nýtt“ eða „framandi“ að borðinu hvað varðar kerfisbundið ofbeldi gegn borgurum. Þannig færu þjóðarmorð fram úr hugtökum á borð við „stríðsglæpi“ (e. war crimes) og „glæpi gegn mannkyninu“ (e. crimes against humanity) hvað ofbeldi varðar (Shaw 2007a, 26). En hvað felst í stríðsglæpum og glæpum gegn mannkyninu? Á heimasíðu Alþjóðaglægpadómstólsins (International Criminal Court eða ICC) eru stríðsglæpir skilgreindir sem „alvarleg brot á Genfarsáttmálanum, öðrum lögum og venjum í vopnuðum átökum á milli ríkja, eða milli hópa innan sama ríkis ... og hluti af æðri stefnu eða áætlun“<sup>6</sup> (þýðing mín) (ICC, 2015a). Alþjóðaglægpadómstóllinn skilgreinir glæpi gegn mannkyninu sem „víðtækar eða kerfisbundnar árásir, beint vísvitandi gegn óbreyttum borgurum“<sup>7</sup> (þýðing mín). Þeir verknaðir sem teljast til árása eru morð, útrýming, þrældómur af ýmsu tagi, nauðgun, pyntingar o.fl. (ICC, 2015b).

Eins og sjá má er margt líkt með hugtökum hér að ofan og þjóðarmorði. Öll þrjú fela í sér hernað og ofbeldisfull átök á milli hópa og því getur verið erfitt að greina á milli þeirra. Shaw gerir þó tilraun til þess og segir aðgreiningu glæpsamlegs athæfis í stríði annars vegar og þjóðarmorðs sem glæps hins vegar, sé háð muninum á siðmenntuðum og ósiðmenntuðum hernaði. Það sem hann á við er að aðeins með því að greina á milli fullvalda eininga eða herja annars vegar og þegna eða borgara hins vegar er hægt að skera úr um hvort um sé að ræða

---

<sup>6</sup> „Grave breaches of the Geneva Conventions and other serious violations of the laws and customs applicable in conflict and in conflicts „not of an international character“ ... committed as part of a plan or policy or on a larger scale“

<sup>7</sup> „Widespread or systematic attack directed against any civilian population, with knowledge of the attack“



þjóðarmorð eða hluta af stríði. Samhljómur virðist vera á milli hugmynda Shaw og Lemkins, sem vildi meina að þjóðarmorð væru tegund af hernaði í sjálfu sér og þyrfti ekki endilega að vera afleiðing stríðs (Shaw 2007b, 463). Shaw segir samt bæði formgerð og tilgang þjóðarmorða oft og tíðum svipa til stríða (Shaw 2007a, 131). Þeim getur einnig verið fléttað saman í einu og sömu herferðina sem Shaw kallar „þjóðarmorðsstríð“ (e. genocidal war). Þjóðarmorðsstríð er þegar tveir ólíkir vopnaðir þjóðernishópar fremja þjóðarmorð gagnvart hvor öðrum og að mati Shaw er það útbreiddasta tegund þjóðarmorða í dag (Shaw 2007a, 148).

Eins og sjá má þá eiga stríð og þjóðarmorð margt sameiginlegt og því enginn hæðarleikur að greina þar á milli. Paul Bartrop, prófessor og virtur fræðimaður á sviði þjóðarmorða, hefur einnig gert tilraun til að greiða úr flækjunni. Hann segir að ekki sé hægt að leggja stríð að jöfnu við þjóðarmorð og forðast ætti að nota orðin sem samheiti. Aftur á móti sagði hann að það gætu vissulega verið innbyrðis tengsl á milli stríða og þjóðarmorða í sumum tilfellum en samt sem áður gætu þjóðarmorð vel átt sér stað þrátt fyrir fjarveru hernaðarátaka. Þannig tekur hann undir með bæði Shaw og Lemkin. Sú uppgötvun mannkyns að það gæti myrt bræður sína og systur í stórum stíl kallaði Bartrop helsta framlag stríðsreksturs á 20. öldinni til þjóðarmorða. Hann sagði einnig að helsta ástæðan fyrir því að við skynjum náíð samband á milli stríða og þjóðarmorða sé vegna þess að nútíma stríðsrekstur beinist í meira mæli að almennum borgurum en hermönnum (Bartrop 2002, 530-531). Stríð og þjóðarmorð eru nátengd og oft og tíðum samtvinnuð hugtök sem fræðimenn eiga erfitt með að skilja að. Stundum eru þjóðarmorð afleiðing stríðs og stundum ekki. Erfitt er að greina á milli þar sem mikil líkindi eru á ferli og tilgangi beggja. Það er því nauðsynlegt að skoða hvert tilfelli fyrir sig og varast að ganga út frá einhverju sem vísu.

Þjóðarmorð eru flókið viðfangsefni og verður ekki einfaldara þegar fræðimenn nota sínar eigin skilgreiningar og hugtök. Í næsta kafla er gert grein fyrir nokkrum af þeim hugtökum sem komið hafa fram í kjölfar fræðilegrar vinnu á sviði þjóðarmorða, með þeim yfirlýsta tilgangi að auka skilning en hafa oftast ekki endað með því að flækja það.

## **1.5 Þjóðernishreinsanir og aðrar gerðir morða**

Líkt og komið hefur fram greinir fræðimenn ekki eingöngu á um hvernig skuli skilgreina þjóðarmorð sem slíkt heldur flokka margir þeirra ofbeldið í undirflokk og afbrigði þjóðarmorða. Sem dæmi um flokka sem fræðimenn nota samhliða þjóðarmorðum eru morð byggð á kyni (e. gendecide), stjórnámálskoðunum (e. politicide), stétt (e. classicide) og

menningu (e. cultural genocide). Fræðimenn skilgreina síðan fjöldamorð út frá sínum eigin flokkum og því getur samanburður á kenningum þeirra verið vandasamur (Verdeja 2012, 309). Ofnotkun á hugtakinu þjóðarmorð hefur einnig verið gefin sem ástæða fyrir nýju hugtökunum. Sumir halda því fram að þjóðarmorð séu of oft notuð til að knýja fram ákveðnar tilfinningar í pólitískum tilgangi. Deila má um það en áhrifamáttur hugtaksins er augljóslega mikill og getur það verið notað sem áróðurstæki, til varnar raunverulegum fórnarlömbum en einnig í árás gegn óvini. Vegna þeirra ástæðna segja fræðimenn að þýðing orðsins sé óljós eða á reiki (Gunter 2011, 31).

Eitt af þeim hugtökum sem komið hafa fram á sjónarsviðið er hugtakið „þjóðernishreinsanir“ (e. ethnic cleansing). Hugtakið varð til stuttu eftir að stríðið í Júgóslavíu byrjaði upp úr 1990 og hefur síðan þá víða verið notað sem lýsingarorð yfir þjóðarmorðin sem áttu sér stað í Rúanda og Helförinni. Orðið er komið af slavnesku orðunum *etnicheskoye chishcheniye* og var þýtt yfir á ensku árið 1992. Það náði síðan fljótlega fótfestu í opinberum orðaforða öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna (Shaw 2007, 48).

Sameinuðu þjóðirnar hafa meðal annars skilgreint þjóðernishreinsanir sem „flutninga á fólki með valdi eða hótunum, frá einum stað til annars, með þeim tilgangi að tryggja þjóðernislega einsleitni á fyrri staðnum“<sup>8</sup> (þýðing mín). Tadeusz Mazowiecki, sérstakur fulltrúi mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna, sagði að þjóðernishreinsanir væru „kerfislægar aðgerðir gegn almennum borgurum með þeim tilgangi að þvinga þá til að yfirgefa það svæði sem þeir búa á“<sup>9</sup> (þýðing mín). Skilgreining öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna var heldur tæknilegri. Að þess mati voru þjóðernishreinsanir „að lágmarki brottvísun og fjöldaflutningar úr landi með valdi eða brottvísun af heimili sem brýtur blygðunarlaust gegn mannréttindum fólks og hefur þann tilgang að raska eða tortíma hópum sem skilgreindir eru út frá þjóð, þjóðerni, kynþætti eða trú“<sup>10</sup> (þýðing mín) (Schabas 2003, 113-114). En geta þjóðernishreinsanir verið þjóðarmorð? Hvernig samband er á milli hugtakanna?

Skilgreiningar Sameinuðu þjóðanna, Mazowiecki og öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna eru líkar efnislega og virðist kjarninn í þjóðernishreinsunum vera landfræðilegur. Með öðrum

---

<sup>8</sup> „Rendering an area ethnically homogenous by using force or intimidation to remove persons of given groups from the area“

<sup>9</sup> „Systematic purge of the civilian population with a view to forcing it to abandon the territories in which it lives“

<sup>10</sup> „At a minimum entails deportations and forcible mass removal or expulsion of persons from their homes in flagrant violation of their human rights, and which is aimed at the dislocation or destruction of national, ethnic, racial or religious groups.“

orðum er áhersla lögð á þvingaða flutninga fólks af ákveðnum svæðum, sem þykir í raun helsta birtingarmynd ofbeldis gegn hópum síðan árið 1990 (Lieberman 2012, 1). Þó hugtakið sé ekki eldra er hægt að finna fjölmörg dæmi ofbeldis í fortíðinni sem hægt væri að kalla þjóðernishreinsanir í dag. Sem dæmi má nefna flutning bandamanna á Þjóðverjum af svæðum í Vestur-Póllandi eða hreinsun Palestínnumanna af stórum svæðum í nýju ríki Ísraels. En hver er munurinn á þjóðarmorðum og þjóðernishreinsunum? Færa má rök fyrir því að á meðan þjóðarmorð boði vísvitandi eyðileggingu þjóðernishóps þá umberi þjóðernishreinsanir flutning hópsins yfir á annað svæði. Samt sem áður geta hugtökin skarast. Það gerist þegar flutningarnir ýta undir útrýmingu hópsins og leiða þannig til sömu niðurstöðu og ef um þjóðarmorð væri að ræða (Schabas 2003, 118-119).

Orðið þjóðernishreinsanir er aðeins eitt af mörgum hugtökum sem orðið hafa til í seinni tíð til að flokka og lýsa fjöldamorðum. Með tilkomu nýrra hugtaka má í raun segja að þjóðarmorð hafi verið endurskilgreint sem ein af öfgakenndari tegundum fjöldamorða en ekki almennur rammi til að skilja þau, líkt og Lemkin lagði til upphaflega. Það passar við lagalegu skýringuna sem segir að þjóðarmorð sé ákveðin tegund af refsiverðu pólitísku ofbeldi. Aðrar tegundir þess, sem hafa komið fram á sjónarsviðið, eru sem dæmi morð byggð á kyni (e. gendercide) en þar getur ofbeldinu verið beint gegn báðum kynjum. Það hefur þó reynst mjög erfitt að sýna fram á tilurð morða byggð á kyni í raunveruleikanum, því ekki hefur fundist dæmi í sögunni þar sem morð gegn öðru hvoru kyninu eru framin í þeim tilgangi að útrýma hópnum algjörlega. Því ber að skilja morð byggð á kyni sem vídd innan þjóðarmorða en ekki aðskilið hugtak. Morð byggð á stjórnmalaskoðunum (e. politicicide) eru hins vegar þekktari. Þekkt dæmi eru fjöldamorð indónesíska hersins á kommúnistum árið 1965, þar sem kommúnistaflokkurinn og allir sem honum tengdust voru myrtir. Það er þó ekki hægt að finna mörg dæmi um fjöldamorð skilgreind út frá útrýmingu pólitísku hóps og því segir Shaw að einnig eigi að horfa á morð byggð á stjórnmalaskoðunum sem vídd innan þjóðarmorða. Það er vegna þess að óvinir eru ekki eingöngu skilgreindir út frá stjórnmalaskoðunum heldur einnig þjóðerni eða öðrum félagslegum breytum. Morð byggð á stétt (e. classicide) ber einnig að líta á sem vídd innan þjóðarmorða. Það er vissulega hægt að halda því fram að fjöldamorðin framin af Stalín og Maó hafi verið fremur öðru mörkuð af stéttarlegu yfirbragði. Aftur á móti eru fleiri en einn hópur óvina auðkenni á þjóðarmorðum sem framin eru í alræðisríkjum. Einnig eru gerendur þjóðarmorða hvorki rökfastir né samkvæmir sjálfum sér og því ræður tilviljun miklu í því hvernig fórnarlömb eru valin.

Þannig má segja að tilkoma hugtaka á borð við þau sem fjallað hefur verið um hér að ofan hafi útskýrt ofbeldi gegn almennum borgurum jafn mikið og það hefur flækt það. Öll

hugtökin eru þó skyld og lýsa einhverju formi af pólitísku ofbeldi. Shaw segir sjálfur að það sé betra að nota þjóðarmorð sem yfirflokk, þar sem merking hugtaksins hefur þanist út. Hann segir að það megi nota til að lýsa útrýmingu á öllum hópum, ekki bara hópum skilgreindum út frá þjóð eða þjóðerni (Shaw 2007a, 63-78). En hverjar eru orsakir þjóðarmorða? Hvað veldur því að einn hópur ákveður að útrýma öðrum? Það er efni næsta kafla.

## 1.6 Flóknar orsakir þjóðarmorða

Ekkert bendir til að tími þjóðarmorða sé liðinn. Frá endalokum seinni heimstyrjaldarinnar hafa ríflega 34 milljónir manna, bæði hermenn og óbreyttir borgarar, látið lífið í u.þ.b. 50 atburðum, sem væri hægt að flokka sem þjóðarmorð. En af hverju eru þjóðarmorð framin? Sumir segja að rótina megi finna í útkomu stríða, byltingu eða falli einhverskonar einræðisstjórnar. Þegar ráðandi samfélagsregla líður undir lok myndast ákveðið tómarúm sem öfl, með ólíka hugmyndafræði, keppast um að fylla. Sú hugmyndafræði sem stendur uppi sem sigurvegari virðist síðan oft kynda undir hatur og gefa sigurvegaranum ástæðu til að útrýma þeim sem töpuðu, því hinir sigruðu eru álitnir óvinir nýju samfélagsreglunnar (Harff 2003, 57). Þannig ættu þjóðarmorð alla jafna að vera algengust í fjölmeningarsamfélögum en svo virðist hins vegar ekki vera. Aðgreining félagslegra hópa, sama hvort hún sé á grundvelli þjóðernis, kynþáttar eða trúar, virðist ein og sér sjaldan leiða til fjöldamorða. Raunar hafa mörg blóðugustu fjöldamorð sögunnar átt sér stað í frekar einsleitum samfélögum. Það er líka sjaldnast þannig að tvær jafn stórar einingar séu að murka lífið úr hver annari. En hvað er vitað um orsakir þjóðarmorða? Fræðimenn hafa sínar eigin útskýringar. Ómögulegt er að gera þeim öllum skil og því verða aðeins skoðaðar útskýringar þeirra Benjamin Valentino, Martin Shaw og Michael Mann, sem allir þykja mjög virtir á sviði rannsókna og fræðimennsku þjóðarmorða.

Þjóðarmorð hafa lítið verið rannsökuð sem almennur atburður þrátt fyrir að nóg hafi verið skrifað um einstaka atburði í gegnum söguna. Fáar formlegar kenningar eru til en kenningasmíð hefur færst í aukana síðustu tvo til þrjá áratugi. Valentino telur að hugmyndin um þjóðarmorð kvikni hjá litlum valdamiklum hópum stjórn mála- og hermanna í samfélögum. Sé rýnt í sögu fjöldamorða síðustu aldar má sjá að það hefur reynst mjög auðvelt fyrir slíka hópa að fá samþykki samfélagsins, eða í það minnsta að tryggja skeytingarleysi þess. Í raun þarf hópurinn, sem yfirleitt telur þjálfaða ofbeldismenn, ekki samþykki nema lítils hluta af samfélaginu. Valentino segir að fjöldamorð séu yfirleitt aðferð leiðtoga þessara hópa til að ná sínum mikilvægustu markmiðum, eyða mestu ógnunum og leysa alvarlegustu

vandamálin sem þeir standa frammi fyrir. Að hans mati á að skoða fjöldamorð út frá herstjórnarlegu sjónarhorni. Valentino segir að skipta megi þeim kenningum sem til eru um þjóðarmorð upp í þrjár kenningafræðilegar fjölskyldur. Hér verður gerð tilraun til að skýra frá kjarna þeirra og gagnrýni Valentino á þær.

Fyrsta fjölskyldan leggur áherslu á mikilvægi félagslegra klofningsþátta og í því samhengi sviptingu á mannlegum eiginleikum (e. plural society theory, social cleavages and dehumanization). Valentino bendir hins vegar á að samkvæmt nýlegum rannsóknum er lítil fylgni á milli félagslegra klofningsþátta og auknum líkum á átökum á milli hópa. Önnur fjölskyldan sem skiptist í talsmenn „blóraböggulskenningarinnar“ (e. scapegoat theory) annars vegar og talsmenn „kenningar pólitískra tækifæra“ (e. political opportunity theory) hins vegar telur stríð, byltingu, efnahagshrun eða annars konar neyðarástand forsendu fjöldamorða. Fyrri kenningin gengur út frá því að félagslegir klofningsþættir séu forsenda fjöldamorða. Eftir að hafa gengið í gegnum neyðarástand léttir samfélagið á reiði sinni með því að skella skuldinni á ákveðinn hóp innan þess. Ef kenningin er rétt ættu þjóðarmorð að vera vinsæl aðgerð á meðal ráðandi hópa í samfélaginu. Valentino færir hins vegar rök fyrir því að þjóðarmorð séu oft framin með litlum stuðningi ráðandi hópa. Samkvæmt seinni kenningunni gefur samfélagslegt neyðarástand byltingaröflum tækifæri til að þjappa saman valdi sínu og upphefja hugmyndir um þjóðarmorð en Valentino færir rök fyrir því að samfélagslegt neyðarástand leiði í fæstum tilfellum til þjóðarmorða. Þriðja fjölskyldan segir að finna megi útskýringar fyrir þjóðarmorðum í tegund stjórnarfars. Með öðrum orðum, því lýðræðislegra sem stjórnarfarið er því minni líkur eru á þjóðarmorði. Valentino gerir tvær athugasemdir við þessa kenningu. Hann bendir annars vegar á að lýðræðisríki fremji fjöldamorð í stríðum erlendis og hins vegar að þá virðist erfitt fyrir talsmenn þessara kenninga að spá fyrir um hvenær þjóðarmorð muni eiga sér stað (Valentino 2007, 2-21). Niðurstaða Valentino er sú að þjóðarmorð eru framin þegar öfgafullir leiðtogar tileinka sér sífellt öfgafullri leiðir við að berjast gegn áskorunum. Ernesto Verdeja er einn af þeim sem hefur tekið undir með Valentino en bendir þó á mikilvægi þess að skoða ofbeldið kerfisbundið í hverju tilfelli fyrir sig (Verdeja 2012, 308).

Eins og við sjáum er flókið að útskýra orsakir þjóðarmorða. Það virðist erfitt að finna mynstur eða reglu þar sem hvert og eitt tilfelli hefur sínar eigin sögu, sem og menningar- og stjórnarfarslegu breytur. Shaw er á sama máli og segir að þrátt fyrir að hægt sé að koma auga á sameiginleg einkenni þýðir ekki að við séum búin að finna sameiginlega útskýringu fyrir orsök allra þjóðarmorða. Í bók sinni *What is Genocide?* segir Shaw að nauðsynlegt sé að koma auga á sameiginleg orsakasambönd sem hafin eru yfir breyturnar sjálfar, eigi að vera

hægt að móta almennt líkan sem útskýrt getur orsakir þjóðarmorða. Shaw gerir tilraun til þess að koma auga á þau en heldur um leið fram, í því samhengi, sérstöku mikilvægi hernaðarlegra breytna. Shaw skoðar meðal annars útskýringar Michel Foucault, Zygmunt Bauman og Nancy Scheper-Hughes fyrir orsökum þjóðarmorða. Öll segja þau að orsök þjóðarmorða megi finna í nútímanum (e. modernity) en útskýra það þó á ólíkan máta. Foucault vildi meina að hlutverk nútíma ríkis væri að stjórna lífi þegnanna, finna fjármagn til uppbyggingar og að veita refsingar í tilgangi betrunar. Þjóðarmorð væru síðan „hin hliðin“ á því hlutverki. Með því átti hann við að fjöldamorð væru nauðsynleg leið ríkja til að tryggja líffræðilega tilvist ákveðinna hópa innan þess. Bauman tekur aðeins öðruvísi til orða en hann hefur talað um að þjóðarmorð séu oft skólabókardæmi um vísindalega stjórnun, eins og hún birtist í nútíma skrifræði skynsemishyggjunnar. Hann nefnir Helförina í því samhengi og segir að fyrir utan siðferðislega hafi ekkert verið öðruvísi við verklagið í kringum útrýmingu gyðinganna og verklagið í kringum venjuleg skrifræðisleg verkefni. Scheper-Hughes sagði síðan að þjóðarmorð væru einfaldlega landlæg í ríkjum nútímans. Það sem hún átti við er að það væri í raun orðið félagslega samþykkt að gera lítið úr ákveðnum formum mannlífs (Shaw 2007a, 131-137). Sjálfur er Shaw sammála um að finna megi skýringu á þjóðarmorðum í nútímanum, þá sérstaklega nútíma stríðsrekstri. Sér í lagi á hann við það sem hann kallaði „úrkyndað algert stríð“ (e. degenerate total war). Það er þegar venjubundið þykir að borgarar séu skotmarkið og bæði ríki og stofnanir hafa verið hervæddar (Shaw 2007a, 147-148). Finna má aðrar útskýringar en nútímann fyrir þjóðarmorðum, til að mynda menningarlegar, sálfræðilegar, efnahagslegar og stjórnmálalegar orsakir.

Útskýringar þess efnis að þjóðarmorð eigi rætur sínar í menningu, það er í þjóðerni og átökum á milli ólíkra þjóðerna, eru algengar á meðal almennings en mikið gagnrýndar á meðal fræðimanna. Fræðimenn benda einna helst á að ef átök milli ólíkra þjóðernishópa eigi að eiga sér stað verði annar hópurinn að sýnast misnota hinn. Shaw segir því að menning sé ekki fullnægjandi útskýring á orsökum þjóðarmorða eins og sér. Aftur á móti getur menning og söguleg óvinátta milli hópa greitt fyrir stefnum stjórnvalda, sem geta falið í sér þjóðarmorð. Sálfræði hefur einnig verið notuð til að útskýra orsakir þjóðarmorða en líkt og menning dugar hún ekki ein og sér. Sálfræði getur samt sagt okkur af hverju einstaka leiðtogar aðhyllast þjóðarmorð og af hverju venjulegt fólk tekur þátt í þeim. En hvað með efnahagslegar og pólitískar útskýringar? Eru þær betur til þess fallnar að útskýra orsakir þjóðarmorða? Því hefur verið haldið fram að efnahagslegar ástæður hafi verið helsti hvatinn fyrir þjóðarmorðum í nýlendum ríkjum (e. colonial genocide) og séu það í nútíma þjóðarmorðum sterkra ríkjum, sem ekki tilheyra hinum vestræna heimi (e. quasi-imperial

states). Ríki þessi myrða innfædda, í nafni uppbyggingar og þróunar. Mikil fólksfjölgun á svæði þar sem auðlindir eru af skornum skammti getur einnig aukið líkurnar á því að fólk grípi til vopna og beiti þeim gegn nágretta sínum. Efnahagslegar ástæður eru samt ekki nægjanlegar einar og sér að mati Shaw, sem vitnar í útskýringar Mark Levene því til stuðnings. Levene segir að á meðan efnahagslegar ástæður geti útskýrt af hverju samfélagslega elítan grípur til þjóðarmorða er vandamálið að fæst efnahagslega illa stödd ríki fremja þau. Að mati Shaw eru því þjóðarmorð alltaf meðvituð, skipulögð stefna og þó að menning, sálfræði og efnahagur spili hlutverk eru þjóðarmorð best útskýrð í samhengi við stjórnsmál og hernað (Shaw 2007a, 137-140).

Michael Mann hefur gefið stjórnsmálalegar útskýringar fyrir þjóðarmorðum. Hann segir, ólíkt Shaw, að þjóðarmorð séu ekki yfirveguð aðgerð, skipulögð langt fram í tímann. Þau séu afleiðing stigmögnunar ofbeldis eins þjóðernishóps gagnvart öðrum, í þeim tilgangi að fæla hann burt af ákveðnu svæði. Mann talar um þrjú stig ofbeldis. Það er vægt til að byrja með en stigmagnast beri það ekki tilætlaðan árangur. Á endanum, sé markmiðinu ekki náð, þá annað hvort grípur hópurinn til mjög öfgafullra leiða á borð við þjóðarmorð eða öfgafyllri hópur, með áætlun um þjóðarmorð, tekur völdin (Mann 2011, 46). Tengsl þjóðernis og lýðræðis eru kjarninn í stjórnsmálalegum útskýringum Mann. Hann sagði að „morðhreinsanir“ (e. murderous cleansing), það sem Shaw og aðrir kalla þjóðarmorð, væru í raun nútímalegt fyrirbrigði, hin dökka hlið lýðræðis. Þannig tekur hann undir með Foucault, Bauman og Scheper-Hughes. Með öðrum orðum átti Mann við að það væri alltaf hætta á morðhreinsunum í lýðræðisríkjum, þar sem fjölmennung er ríkjandi. Í fjölmennungu er hætta á að hugmyndinni um almenning sé ruglað við hugmyndina um ríkjandi þjóðernishóp í samfélaginu. Þannig er ýtt undir hugmyndina um ríki sem hvetur til fjarlægingar minnihlutahópa. Síðast en ekki síst verður alltaf að athuga sambandið á milli stríða og þjóðarmorða í hverju tilfelli fyrir sig þegar útskýra á orsakir þjóðarmorða (Shaw 2007a, 140-149).

Eins og sjá má eru til fáar formlegar kenningar um orsakir þjóðarmorða enda virðast orsakirnar einmitt vera jafn margar og tilföllin sjálf. Orsakirnar virðast ákvarðast af flóknu sambandi á milli fjölda breytna sem allar spila sitt hlutverk. Breyturnar eru eflaust fleiri en hér var greint frá þeim helstu. Hér með er kenningarfræðilega hluta ritgerðarinnar lokið. Byrjað var á því að skilgreina hugtakið „þjóð“ í þeim tilgangi að geta fjallað ítarlega um hugtakið „þjóðarmorð“. Næst var tilurð hugtaksins rædd, skilgreining Sameinuðu þjóðanna á því og gagnrýni fræðimanna á hana. Þar á eftir var gerð tilraun til að lýsa flóknu sambandi stríða og þjóðarmorða. Áður en tilraun var gerð til að greina frá orsökum þjóðarmorða voru útlistuð ólík hugtök sem orðið hafa til við vinnu fræðimanna á sviði þjóðarmorða. Í öðrum hluta

ritgerðarinnar er saga fjöldamorðanna á Armenum í Ottómanveldi rannsökuð. Nauðsynlegt er að gera henni skil áður en komið er að þriðja og síðasta hlutanum þar sem tekin er rökstudd afstaða til þess hvort um sé að ræða þjóðarmorð, ásamt því sem afstaða tyrkneskra stjórnvalda til fjöldamorðanna verður rædd.



## 2 Fjöldamorðin á Armenum í Ottómanveldi

### 2.1 Armensku fjöldamorðin árin 1894-1909

Í París þann 24. apríl síðastliðinn, klukkan 22:00, voru ljósin í Eiffeltorninum slökkt um stundarsakir til að minnast þess að 100 ár voru liðin frá fjöldamorðunum á Armenum í Ottómanveldi (Armenian Genocide Centennial 2015). Víða um heim þennan dag voru haldnir minningarviðburðir til að sýna Armenum stuðning. Í Suður-Kaliforníu, þar sem búa yfir 200.000 manns af armenskum uppruna, fóru rúmlega 130.000 manns út á götur stærstu borgarinnar, Los Angeles. Fólk hélt á fánum og setti fram þá kröfu að tyrknesk stjórnvöld viðurkenndu fjöldamorðin á yfir milljón Armenum sem þjóðarmorð (LA Times 2015). Nákvæmlega öld áður voru nokkur hundruð Armenar handteknir og teknir af lífi. En þó að Armenar miði upphaf fjöldamorðanna við þennan dag voru einnig framin fjöldamorð árin 1894, 1895, 1896, 1909 (New York Times, ekkert ártal). Þegar talað er um Armena hér á eftir er alltaf verið að vísa til Armena í Ottómanveldi.

Í Ottómanveldi var einræði soldánsins fullkomið og voru allir íbúar þess einnig þegar hans. Múslimar voru þó taldir æðri öðrum og því var komið sérstaklega illa fram við þá sem ekki voru múslimar. Það viðhorf hafði gífurleg áhrif á bæði lög og menningu ríkisins, sem á endanum átti þátt í skapa aðstæður þar sem þjóðarmorð var mögulegt (Taner Akçam 2006, 19-20). Í lok 19. aldar á Abdul Hamid II (stundum kallaður „blóðugi soldáninn“) að hafa sagt Arminius Vambery, ungverskum fræðimanni og trúnaðarvini sínum, frá áformum sínum að gera út af við „þessa“ Armena. Sem dæmi um hatur soldánsins á Armenum þá leiddi andstyggð hans á orðinu Armenía til þess að það var bannað í fjölmiðlum. Hann lokaði einnig armenskum skólum og bannaði allar bækur um Armeníu og sögu hennar. Armenskir kennarar voru handteknir án ástæðu, hent í fangelsi, pyntaðir og jafnvel myrtir (Balakian 2005, 3-4). Kúgun og óréttlæti sem þetta var þó ekkert nýtt fyrir Armenum sem höfðu lengi þurft að þola yfirgang sem þennan.

Samkvæmt skráðum kvörtunum sem armenska samfélagsráðið í Ottómanveldi hélt til haga árið 1870 voru Armenar reglulega rændir og myrtir. Voru þar að verki einna helst Kúrdar og Sirkassíar. Einnig voru Armenar beittir ósanngjarnri skattheimtu, opinberir embættismenn komu glæpsamlega fram við þá og vitnisburður kristinna var ekki tekinn gildur fyrir rétti (Akçam 2006, 36). Árið 1894 mótmæltu Armenar í Sasun héraði tvöfaldri skattheimtu og kúgunum soldánsins, sem sendi lið 4000 Kúrda til að berjja mótmælin niður. Armenar flúðu upp í fjöll og komu ekki niður fyrr en næsta vor, þá tilbúnir að berjast. Átök brutust aftur út,

núna á milli Armena og *zaptiye*, sem var herlögreglan. Á endanum sendi soldáninn einnig sína eigin menn til að brjóta á bak aftur það sem hann kallaði „armenska byltingu“. Menn soldánsins, með hjálp herlögreglunnar og Kúrda, réðust á armensk þorp og myrtu alla án tillits til kyns eða aldurs. Fjöldamorðin í Sasun vöktu reiði bæði í Evrópu og Ameríku enda fyrstu skipulögðu fjöldamorðin í nútímasögu Ottómanveldis, sem framin voru á friðartímum og án þess að eiga tengingu við stríð erlendis. Soldáninn reyndi um leið að þvo hendur sínar af þeim voðaverkum sem framin höfðu verið í hans nafni og skellti skuldinni bæði á Armenana sjálfa og kúrdíska hirðingja, sem hann sagði að hefðu misst stjórn á sér. Fjöldamorðin héldu þó áfram þegar yfir 2.000 Armenar sameinuðust í höfuðborginni 1. október árið 1895 til að mótmæla því harðræði sem þeir voru beittir. Nú áttu íslamskir guðfræðinemendur frumkvæðið að morðunum og á meðan stóð lögreglan afskiptalaus hjá (Balakian 2005, 55-62). Mikill fjöldi Armena var svo aftur myrtur þann 26. ágúst árið 1896 þegar *dashnaks*, einnig þekktir undir enska nafninu *Armenian Revolutionary Federation* (ARF) reyndu að draga athygli að málstað sínum með því að ráðast á ottómanskan banka í Ístanbul. Þau fjöldamorð þóttu gríðarlegt hneyksli og þrýstu stjórnvöld bæði í Evrópu og Ameríku á soldáninn að bregðast tafarlaust við. En þrátt fyrir afskipti erlendis frá gengu tilraunir til umbóta ekki upp. Í raun höfðu umbótilraunirnar neikvæð áhrif og sumir ganga jafnvel svo langt að segja að þau hafi stuðlað að fjöldamorðunum (Akçam 2006, 42-43).

Á sama tíma og Armenar voru að berjast fyrir grundvallarréttindum var tyrkneskt menntafólk að berjast fyrir pólitískum umbótum og breytingum. Upp úr 1860 byrjuðu tyrkneskir aðgerðarsinnar að mynda skipulögðu hreyfinguna *Jön Türkler*, betur þekkt á ensku sem *Young Turks*. Viðurstyggð á einveldi soldánsins, gríðarleg föðurlandsást og nýjar hugmyndir um þjóðernishyggju einkenndu hreyfinguna. Hreyfingin var meira „tyrknesk“ en íslömsk eða ottómönsk. Árið 1899 stofnaði hreyfingin leynilega samfélagið *İttihat ve Terakki Cemiyeti*, betur þekkt á ensku sem *Committee of Union and Progress* (hér eftir CUP), sem hafði þann tilgang að steypa soldáninum og stjórn hans af stóli (Balakian 2005, 135-138).

Árið 1906 var annað leynilegt samfélag stofnað í Damaskus sem hét *Vatan*, betur þekkt á ensku sem *Fatherland*. Það var stofnað af Mustafa Kemal, ungum hershöfðingja, sem seinna varð betur þekktur sem „*Atatürk*“, eða faðir allra Tyrkja. Hreyfingarnar stækkuðu ört þar sem hermenn og hershöfðingjar soldánsins risu upp og gengu í lið með byltingaröflunum. CUP óx mjög ásmegin og í júlí árið 1908 sendu stjórn málasamtökin símskeyti til hallarinnar og fóru fram á að stjórnarskráin frá árinu 1876 yrði tekin aftur í notkun. Hamid soldán gat ekki annað en orðið við þeirri beiðni enda veldi hans að hruni komið. Á endanum fékk soldáninn að halda titli sínum og hlutverki sem kalíf en missti aftur á móti öll pólitísk völd og um leið stöðu sína

sem höfuð ríkisins. Armenar bundu miklar vonir við *Jön Türkler*, sem þeir héldu að myndu bæta aðstæður Armena og annara kristinna minnihlutahópa. Því miður reyndust liðsmenn *Jön Türkler* gríðarlega þjóðernissinnaðir og afleiðingar valdatöku þeirra algjör andstæða við vonir Armena, sem voru góðar til að byrja með (Balakian 2005, 142-144). Sem dæmi voru Armenar í borginni Adana mjög ánægðir með nýju réttindin sem þeir töldu sig vera að fá undir *Jön Türkler* og hugmynd þeirra um mikilvægi stjórnarskrárvarinna réttinda. En ánægja þeirra var sýnileg og ögraði Tyrkjum, sem margir voru stuðningsmenn soldánsins og þoldu því illa nýju leiðtogana í *Jön Türkler*. Einnig gátu margir þeirra ekki litið á „trúleysingjana“ sem jafningja. Þetta ásamt þeirri staðreynd að Armenar í Ottómanveldi voru margir hverjir frekar auðugir gerði þá að auðveldu skotmarki (Dadrian 2003, 182).

Leiðtogar *Jön Türkler* hurfu fljótlega frá hugmyndinni um fjölþjóðlegt Ottómanveldi þar sem borgaraleg réttindi yrðu í hávegum höfð. Í staðinn tók við hugmyndafræði tyrkneskrar þjóðernishyggju þar sem Tyrkir spiluðu ráðandi hlutverk (Lewy 2005, 35). CUP var orðið ráðandi afl í tyrkneskum stjórnámálum og ýtti undir hugmyndir um tyrkneska þjóðernishyggju og settu stefnuna á að „tyrkjavæða“ allt landið (Balakian 2005, 147). Í apríl árið 1909 voru framin fjöldamorð á Armenum í Adana héraði en þar bjuggu 40.000 Armenar eða um helmingur allra íbúa héraðsins. Fyrstu 48 klukkutímana féllu 2.000 manns og 15.000 gengu um göturnar, heimilislausir og svangir. *Jön Türkler* sendu hermenn til að koma á reglu en á endanum tóku þeir sjálfir þátt í fjöldamorðunum. Hermennirnir afsökuðu sig með því að saka Armenana um að hafa ögrað sér. Það væri ástæðan fyrir árás þeirrar inn í kristna hluta Adana þar sem þeir afvopnuðu og drápu alla. Einnig var ráðist á þorpin í kringum Adana og sem dæmi var öllum Armenum í Hamidiye þorpi, 60 mílum austan við Adana, útrýmt. Á endanum, þegar allt var yfirstaðið voru 4.823 hús brunnin til kaldra kola, þar af 4.437 heimili Armena. Fréttamaðurinn Charles Woods, sem heimsótti Adana í október árið 1909 sagði að það hafi aldrei átt sér stað jafn kerfisbundin brenna á bæ og í Adana árið 1909 (Balakian 2005, 148-154).

Það er ekki vitað nákvæmlega hversu margir Armenar voru myrtir í heildina en heimildir benda til að talan hafi verið á milli 80-100.000 árin 1894-1896 og síðan um 20.000 árið 1909 (Bloxham 2006, 29). Fjöldamorð þessi eru sjaldnast nefnd þegar almennt er talað um fjöldamorðin á Armenum. Fjöldamorðin sem yfirleitt er talað um áttu sér stað milli áranna 1915-1917, í skjóli fyrri heimstyrjaldarinnar, og eru þau efni næsta kafla.

## 2.2 Armensku fjöldamorðin árin 1915-1917

Eins og sjá má voru fjöldamorðin á Armenum ekki einn einangraður atburður heldur áttu sér stað yfir langt tímabil. Á þessum tíma voru miklar sviptingar í alþjóðlegu valdaskipulagi og var ákvörðun Tyrkja, að útrýma Armenum, afleiðing margslunginnar fléttu innlendra og alþjóðlegra atburða. Ottómanveldið ákvað að taka þátt í heimstyrjöldinni fyrri í október árið 1914 og innanlands lagði CUP áherslu á tyrkneska þjóðernishyggju, vaxandi hermenningu og yfirgripsmikið skrifræði. Allt þetta hafði mikil áhrif á hvernig útrýmingin á Armenum var skipulögð (Balakian 2005, 175). Stjórnvöld í Ottómanveldi vildu þó ekki eyðileggja stjórnmalasamband sitt við ríkin í Evrópu og fóru því mjög varlega í aðgerðum sínum til að byrja með.

Þegar fyrri heimstyrjöldin skall á losnaði Ottómanveldið hins vegar undan athygli ríkjanna í Evrópu og gat fylgt eftir áætlun sinni um að „tyrkjavæða“ Anatólíu. Það virðist hafa verið eitt af aðal markmiðum CUP og fól í sér útrýmingu Armenana. Ahmet Refik, ottómanskur herforingi, staðfesti árið 1919 að útrýming Armena, eða „armenska vandamálið“, hafi í raun verið eitt af helstu markmiðum CUP (Akçam 2006, 112). Það var þó ekki hægt að myrða Armenana strax án þess að hafa fyrir því ástæðu. Armenum voru því gerðar upp sakir, til dæmis að vilja aðskilnað og tilraunir til að svíkja föðurlandið. Því gátu ottómönsk stjórnvöld ákveðið, í nafni þjóðaröryggis, að flytja á brott alla Armena úr austur- og suðurhéraðum landsins. Skipunin var dulbúin sem neyðarbrottflytningar á stríðstímum en tilgangurinn var í raun og veru að losna við alla Armenana. Flestir Armenanna létust vegna beinna og óbeinna voðaverka, sem framin voru meðan á brottflytningunum stóð. Því var einnig haldið fram að brottflytningarnir væru nauðsynlegir hernaðarlega séð og sem dæmi voru armenskir karlmenn á öllum aldri kallaðir til og notaðir í flutninga á hergögnum (Dadrian 2003, 219-221).

Til eru mörg dæmi sem sýna fram á að tilgangurinn með brottflytningunum hafi verið útrýming. Eitt besta dæmið má finna í skýrslu Mordtmanns, þýsks konsúls í Istanbúl, dagsett þann 30. júní 1915. Þar kemur fram að Ismail Canpolat, yfirmaður lögreglunnar í Istanbúl og hátt settur meðlimur CUP hafi í samtali við Mordtmann, bent á kort af Anatólíu og sagt að brottflytningarnir myndu ná yfir Anatólíu alla. Mordtmann þótti það ekki passa við opinberu hernaðarlegu útskýringuna og varð um leið hugsað til Talât Paşa, innanríkisráðherra Ottómanveldis, sem nokkrum vikum áður hafði sagt Mordtmann að „það sem við erum að tala um er útrýming Armenana“ (Akçam 2006, 156). Þó að Armenar hafi verið fjölmennasti hópur fórnarlambanna voru Grikkir, Assíríumenn og aðrir kristnir hópar í Ottómanveldi það einnig.

Hugmyndafræði um *jihad*, eða heilagt stríð, var greytt inni í útrýmingarferlið og náði því til allra hópa sem flokkuðust til heiðingja (Balakian 2005, 338-339).

Stjórnvöld samþykktu lög þann 10. júní 1915 sem sögðu til um hvernig ætti að merkja, geyma og koma eignum brottfluttra í verð. Þann 26. september voru síðan fleiri lög um eignir og skuldir brottfluttra samþykkt. Arthur von Gwinner, forstjóri Deutsche Bank á þessum tíma, sagði að taka mætti taka saman lög in í tveimur greinum. Sú fyrsta var „taka skal allar eignir af Armenum“ og hin síðari „stjórnvöld munu koma þeim í verð og endurgreiða eigendunum, eða ekki“ (Dadrian 2003, 222). Líkt og nasistar þá skildu CUP valdið sem bjó í skrifræðinu. Útrýming Armena var aðeins möguleg með nákvæmu skipulagi stjórnvalda, notkun skrifræðis við skipulagningu og framkvæmd brottflutninganna, stofnun dauðasveitanna *chetes*, notkun nýjustu tækni eins og símskeyta og lestarsamgangna og eldri leiða eins og að veita upplýsingar í gegnum kallara á torgum borga og bæja. Þrjár stöður embættismanna voru stofnaðar sem höfðu meira vald en venjuleg héraðsstjórnvöld. Þessum stöðum gegndu fyrrverandi hershöfðingjar sem voru tryggir CUP. Tilgangur þeirra var að viðhalda valdakeðjunni í héruðunum þannig að öllum skipunum um handtökur, flutninga og fjöldamorð væri fylgt eftir af hörku og án tafar. Fjöldi Armena féll fyrir höndum meðlima *chetes* sem stofnaðar voru af stjórnvöldum og voru mest megnis dæmdir glæpamenn. Bæði hugmyndafræði um *jihad* og loforð um armenskt þýfi drifu meðlimi *chetes* áfram. *Chetes* nutu einnig aðstoðar frá herlögreglunni og venjulegum lögreglumönnum við framkvæmd fjöldamorðanna. Ferlið var þannig að Armenarnir voru fluttir í lestarvögnum, svangir, hræddir og skítugir til borgarinnar Konia þar sem þeim var hleypt út og sagt að halda áfram leið sinni gangandi. Skömmu síðar lentu þeir hins vegar í *chetes* sem rændu, nauðguðu og á endanum myrtu þá. Í raun og veru voru það ottómönsk stjórnvöld sem kynntu fyrst allra til leiks notkun lesta við flutning á fólki í þeim tilgangi að útrýma kynþætti (Balakian 2005, 180-191).

Það er áætlað að milli 800.000-1.000.000 Armena hafi látist í skipulögðum og kerfisbundnum aðgerðum tyrkneskra stjórnvalda árið 1915. Sumarið 1916 voru 200.000 Armenar sem komist höfðu undan myrtir í Ras ul-Ain, Rakka og Dier el-Zor (svæði sem nú tilheyrir Sírylandi). Einnig var tugþúsundum armenskra kvenna rænt og þeim komið fyrir í kvennabúrum múslimskra karla eða inn hjá múslimskum fjölskyldum. Þá var börnum rænt og þau þvinguð til íslamstrúar, ein önnur leið tyrkneskra stjórnvalda til að útrýma armensku þjóðinni (Balakian 2005, 179-180). Fyrri heimstyrjöldin batt síðan enda á blóðbaðið og niðurstaðan var útrýming tyrknesku Armeníu. Sjúkdómar, hungursneyð, brottflutningar og fjöldamorð til samans stuðluðu að því sem Armenar og þeirra stuðningsmenn tala um sem fyrstu þjóðarmorð 20. aldar (Gunter 2011, 8).

Tyrknesk stjórnvöld hafa aftur á móti alla tíð haldið fram sakleysi sínu. Þau hafa neitað því að fjöldamorðin hafi verið þjóðarmorð og barist fyrir því, bæði heima fyrir og erlendis, að aðrir sjái það sömu augum. Barátta þeirra hefur borið árangur og besta dæmið er afstaða Bandaríkjanna, sem hafa forðast að nota hugtakið þjóðarmorð yfir fjöldamorðin. Ástæðan fyrir því er þrýstingur tyrkneskra stjórnvalda sem hafa meðal annars hótað að kalla heim sendiherra sinn í Bandaríkjunum og jafnvel neitað Bandaríkjamönnum um aðgang að herstöðvum sínum. Hingað til hafa því bandarísk stjórnvöld látið segjast og tekið afstöðu með tyrkneskum stjórnvöldum. Barack Obama, sem dæmi, lofaði armenskum Bandaríkjamönnum árið 2008 að nota hugtakið þjóðarmorð yfir fjöldamorðin, yrði hann forseti. Hann gekk þó bak orða sinna þegar hann komst til valda og heiðraði sambandið við Tyrkland með því að sneiða fram hjá lofordinu. Engu að síður benti orðræða hans til meiri samúðar með málstað Armena en hafði verið að finna hjá forverum hans (de Waal 2015, 136).

Hugtakið þjóðarmorð hefur, frá því það kom fram á sjónarsviðið, haft mikil áhrif á hvernig við sjáum söguna og skilgreinum þau fjöldamorð sem hafa verið framin. Hugtakið hefur haft mikil áhrif á alþjóðastjórnsmál og hafa yfir 23 lönd, ásamt Evrópusambandinu, viðurkennt fjöldamorðin á Armenum sem þjóðarmorð (Armenian Genocide Centennial 2015a). Því fleiri ríki sem bætast í hópinn, því háværi verður krafa Armena og um leið verður afneitun tyrkneskra stjórnvalda óþægilegri og erfiðari.

Hér með er umfjölluninni um fjöldamorðin á Armenum í Ottómanveldi og þar með öðrum hluta ritgerðarinnar lokið. Í þriðja og síðasta hluta ritgerðarinnar er tekin rökstudd afstaða til þess hvort fjöldamorðin á Armenum hafi verið þjóðarmorð eður ei. Afstaðan er tekin út frá kenningafræðilegri umfjöllun í fyrsta hluta og sögulegri umfjöllun í öðrum hluta. Einnig er greint hvort og þá hvernig afstaða tyrkneskra stjórnvalda til fjöldamorðanna á Armenum breyttist eftir að hugtakið þjóðarmorð kom fram á sjónarsviðið árið 1948.

### 3 Afstaða tyrkneskra stjórnvalda til fjöldamorðanna á Armenum

#### 3.1 Voru fjöldamorðin á Armenum þjóðarmorð?

Þeir sem andmæla fjöldamorðunum á Armenum sem þjóðarmorði nota gjarnan eftirfarandi rök; að ottómönsk stjórnvöld hafi einungis verið ábyrg fyrir að hafa gefið skipunina um brottflutningana; brottflutningarnir hafi verið takmarkaðir við stríðssvæði; fjöldamorðin hafi verið afleiðing innri samfélagslegra átaka sem stjórnvöld höfðu enga stjórn á. Flestir Armenar létust vegna þess að nauðsynleg úrræði til að tryggja örugga flutninga eins og mat og hreinlæti skorti; tilgangurinn með brottflutningunum hafi ekki verið útrýming heldur flutningar á nýjan stað; borgarastyrjöld geisaði á milli Armena og Tyrkja, í samhengi við stærra alþjóðlegt stríð, og Tyrkir urðu fyrir miklu mannfalli; heildarfjöldi Tyrkja sem féllu á tímabilinu voru 2,5 milljónir, miklu fleiri en þeir Armenar sem féllu (Dadrian 2003, 274-275).

Samkvæmt skilgreiningu Sameinuðu þjóðanna voru fjöldamorðin á Armenum ekki þjóðarmorð. Ef gengið er út frá skilgreiningum þeirra fræðimanna sem hafa verið til umfjöllunar hér að ofan má aftur á móti færa rök fyrir því að fjöldamorðin á Armenum hafi í raun verið þjóðarmorð. Frank Chalk og Kurt Jonassohn vildu að hugtakið þjóðarmorð næði til félagslegra skilgreindra hópa en Armenar í Ottómanveldi voru kristinn minnihlutahópur, aðgreinanlegur frá öðrum kristnum minnihlutahópum (Grikkjum og Assíríumönnum t.d.), í ríki þar sem flestir íbúanna voru múslimar. Þannig má færa rök fyrir því að Armenar hafi verið sérstakur félagslega skilgreindur hópur og fjöldamorðin á þeim því þjóðarmorð samkvæmt Chalk og Jonassohn.

Armenar höfðu búið lengi í Anatólíu eða í yfir 3.000 ár (Suny 2015, 352) og því hægt að færa rök fyrir því að þeir hafi verið sérstakur þjóðernishópur innan stærra samfélags, með ákveðnar stjórnsmálaskoðanir en Barbara Harff vildi einmitt að hugtakið næði til hópa skilgreindir út frá þjóðerni og stjórnsmálum. Af þeim ástæðum má færa rök fyrir því að fjöldamorðin á Armenum hafi verið þjóðarmorð samkvæmt Harff. Harff sagði einnig að spyrja þyrfti fimm spurninga (sjá kafla 1.2) til að greina á milli þjóðarmorða og annara morða. Séu þær spurningar mátaðar við fjöldamorðin á Armenum kemur í ljós að; (1) tyrknesk stjórnvöld áttu þátt í aðgerðum sem stofnuðu armenskum lífum í hættu; (2) til eru sönnunargögn sem sýna fram á einbeittan vilja tyrkneskra stjórnvalda til að einangra eða misþyrma Armenum líkt og komið hefur fram hér að ofan; (3) fórnarlömbin voru flest úr hópi Armena, en þó einnig úr hópi Grikkja og annarra kristinna minnihlutahópa; (4) brottflutningarnir voru hluti af opinberri stefnu tyrkneskra stjórnvalda en þó má deila um

hvort tilgangur þeirra hafi verið útrýming eða fjarlæging Armena af svæðinu; (5) brottflutningarnir stofnuðu lífsafkomu Armena í hættu því margir þeirra annaðhvort létust á leiðinni eða þegar komið var á áfangastað.

Í sjálfu sér er hægt að færa rök fyrir því að brottflutningarnir á Armenum hafi verið þjóðernishreinsanir frekar en þjóðarmorð, en eins og áður kom fram eru þjóðernishreinsanir tilraunir stjórnvalda að kerfisbundið fjarlægja ákveðinn hóp af tilteknu landsvæði. Þjóðernishreinsanir geta þó ýtt undir útrýmingu hópsins og þannig leitt til sömu niðurstöðu og þjóðarmorð. Þar sem flestir Armenanna létust annaðhvort á leiðinni til borgarinnar Konia eða eftir að þangað var komið má færa rök fyrir því að brottflutningarnir hafi leitt til sömu niðurstöðu og ef um þjóðarmorð væri að ræða. Shaw bendir einnig á að þjóðarmorð hafi félagslegan tilgang en Armenar voru álitnir hættulegir ottómönsku samfélagi og því er hægt að færa rök fyrir því að félagslegi tilgangurinn með brottflutningi og morðum hafi verið að losna við þá úr tyrknesku samfélagi (Suny 2015, 355).

Eins og áður hefur komið fram er erfitt að greina á milli stríða og þjóðarmorða þar sem samband þeirra er samofið. Shaw sagði muninn á stríði og þjóðarmorði vera háð því hvort fórnarlömbin væru hluti af fullvalda einingu (eins og her) eða almennir borgarar eða þegnar. Miðað við þær heimildir sem skoðaðar voru og gert var grein fyrir í öðrum kafla ritgerðarinnar virðast flest armensku fórnarlambanna hafa verið almennir borgarar. Það geisaði vissulega stríð á þessum tíma en það var ekki borgarastyrjöld, á milli Armena og Tyrkja, heldur alþjóðlegt stríð á milli fjölda ríkja. Vahakn D. Dadarian hefur sagt að aðgerðir Armena hafi ekki getað verið helsta ástæðan fyrir grimmúðlegum aðgerðum tyrkneskra stjórnvalda gegn þeim. Hann heldur því fram að sviðið fyrir framkvæmd þjóðarmorða hafi verið sett með kröfu Þýskalands og Rússlands á hendur tyrkneskra stjórnvalda, um að koma betur fram við Armena, þátttöku Tyrkja í fyrri heimstyrjöldinni og sameiginlegri árás þeirra og Þjóðverja á Rússa (Dadrian 2003, 278). Í samhengi við þetta sagði Lemkin einmitt að þjóðarmorð væru tegund af hernaði sem þyrftu ekki að vera afleiðing stríðs. Því má færa rök fyrir því að með ósigrunum gegn Rússum veturinn 1915 og ógninni frá Bandamönnum hafi orðið til fullkomið tækifæri í skjóli alþjóðlegs stríðs. Tækifæri fyrir tyrknesk stjórnvöld til að beita þjóðarmorði sem hernaði gegn Armenum, sem þeir höfðu lengi álitid ógn við tilvist Ottómanveldis. Aðgerðir tyrkneskra stjórnvalda réðust því af ótta við armenska uppreisn og af eigin hernaðarlegum yfirburðum (Suny 2015, 281-282). Ómögulegt er útskýra orsök þjóðarmorða með einni kenningu því flestar, sem fjallað var um hér að ofan, leggja eitthvað af mörkum. Þó má færa rök fyrir því að kenning Benjamin Valentino um að hugmyndir um þjóðarmorð kvikni hjá valdamiklum hópum stjórn mála- og hermanna útskýri meira en aðrar.



Hugmyndin um þjóðarmorð virðist hafa kviknað fyrst hjá Abdul Hamid II soldáni en síðan hafi Talât Paşa ásamt æðstu meðlimum CUP útfært hana með skipulögðum hætti. Deila má um hvort að aðgerðir tyrkneskra stjórnvalda hafi verið skipulagðar langt fram í tímann, en Shaw segir það skilyrði þjóðarmorða, eða afleiðing stigmögnunar ofbeldis eins hóps gegn öðrum líkt og Mann vill meina. Finna má mikil líkindi með Helförinni og þjóðarmorðunum á Armenum. Í báðum tilfellum virðast kostir skriffræðis hafa verið notaðir óspart en eins og áður kom fram voru tyrknesk stjórnvöld fyrst til að nota skipulagðar lestarferðir í þeim tilgangi að útrýma þjóðernishópi. Færa má því rök fyrir að þjóðarmorð af þessu eðli séu nútímalegt fyrirbæri líkt og bæði Shaw og Mann tala báðir um.

Þó að fjöldamorðin á Armenum falli ekki undir þjóðarmorð samkvæmt alþjóðlegu skilgreiningu Sameinuðu þjóðanna gera þau það samkvæmt fræðilegu skilgreiningunni. Þeir fræðimenn eru vissulega til sem enn hafna þessu sem þjóðarmorði en hinir eru miklu fleiri sem samþykkja að stjórnvöld í Ottómanveldi hafi vísvitandi lagt á ráðin, skipulagt og framkvæmt þjóðernishreinsanir og fjöldamorð á ákveðnum þjóðernishópum. Tyrkneskir, kúrdískir og armenskir fræðimenn innan Tyrklands hafa, þrátt fyrir takmarkanir tyrkneskra stjórnvalda, reynt að endurskoða þau gögn sem til eru um fjöldamorðin af meiri hlutlægni. Armenskir og tyrkneskir fræðimenn hafa einnig byrjað að vinna saman, til dæmis í gegnum vinnustofur eins og *Workshop for Armenian-Turkish Scholarship* (WATS), til að komast að því af hverju þjóðarmorð var framið, hvenær átti það sér stað og hver átti upptökin (Suny 2015, 372-374). Þrátt fyrir vaxandi samstöðu fræðimanna hafa tyrknesk stjórnvöld ætíð verið í afneitun og jafnvel gengið svo langt að telja Tyrki raunverulegu fórnarlömbin. Aðeins tíminn getur leitt í ljós hvort tyrknesk stjórnvöld muni endurskoða afstöðu sína sem verður sífellt erfiðara að verja þar sem sá fjöldi fræðimanna, ríkja og stofnana sem viðurkenna fjöldamorðin sem þjóðarmorð, fer ört vaxandi.

Það er ljóst að hugtök búa yfir miklum áhrifamætti og hugtakið þjóðarmorð hefur haft mikil áhrif á afstöðu fræðimanna, ríkja og stofnana. En hefur hugtakið haft einhver áhrif á afstöðu tyrkneskra stjórnvalda? Í næsta kafla er skoðað hvernig afstaða tyrkneskra stjórnvalda var áður en hugtakið þjóðarmorð kom fram á sjónarsviðið. Síðan er greint hvort, og þá hvernig, hún breyttist eftir að hugtakið þjóðarmorð kom fram.

### **3.2 Afstaða tyrkneskra stjórnvalda fyrir 1948**

Í endurminningum sínum sem birtar voru að hluta til í *New York Times Current History* hélt Talât Paşa, innanríkisráðherra Ottómanveldis, því fram að Armenar bæru sjálfir ábyrgðina

þegar kæmi að fjöldamorðunum. Rökin hans fyrir því voru að Armenar hefðu hjálpað Rússum að ráðast inn í Austur-Tyrkland og armenskir stigamenn hefðu drepið 800.000 múslima. Hann viðurkenndi samt að saklausir Armenar hefðu verið myrtir en neitaði að flokkur hans hefði smíðað og skipulagt skrifræði í þeim tilgangi að útrýma þeim. Með afneitun Talât Paşa, eins valdamesta manns í Ottómanveldi á þessum tíma, varð til fölsuð útgáfa af sögunni sem notuð var af stjórnvöldum sem tóku við af honum. Árið 1920 bað utanríkisráðherra Sovétríkjanna Tyrki um að gefa nýstofnaða armenska lýðveldinu lítinn hluta af landsvæði tyrknesku Armeníu. Kiazim Karabekir, tyrkneskur hershöfðingi, svaraði utanríkisráðherraum og sagði að í Tyrklandi hefði aldrei verið til nein Armenía, hvað þá landsvæði þar sem Armenar hefðu búið á. Í þversögn við sjálfan sig kallaði hann síðan þá Armena sem höfðu átt heima í Tyrklandi fjöldamorðingja sem flúið hefðu til Íran, Ameríku eða Evrópu (Balakian 2005, 374-375). Talât Paşa og tyrknesk stjórnvöld voru hörð í afstöðu sinni sem einkenndist annaðhvort af afneitun eða ásökunum. Fjallað var um „blóraböggulskenninguna“, „kenningu pólitískra tækifæra“ og afstöðu Valentino til þeirra í kenningafræðilega hluta ritgerðarinnar. Færa má rök fyrir því að stríðsástand hafi gefið tyrkneskum stjórnvöldum tækifæri til að þjappa saman pólitísku valdi sínu og upphefja hugmyndir um þjóðarmorð á Armenum. Með því að saka Armena um byltingu og að aðstoða erlenda aðila við árás á föðurlandið voru Armenar gerðir að blóraböggli. Ekki bætti úr skák að Armenar voru kristnir og því annars flokks borgarar. Tyrknesk stjórnvöld áttu því auðveldar með að réttlæta brottflutningana fyrir sjálfum sér sem voru til verndar tyrknesku samfélagi. Opinbera skýringin var hins vegar sú að þeir væru neyðarflutningar á stríðstímum og því auðveldara að fá Armena til að samþykkja þá.

Mustafa Kemal Atatürk þykir ein mikilvægasta persóna í sögu Tyrklands enda átti hann ríkan þátt í stofnun nútíma ríkisins árið 1923. Sem leiðtogi byltingarinnar sem tryggði sjálfstæði Tyrklands, og jafnframt sem fyrsti forseti ríkisins, hefur afstaða hans til fjöldamorðanna á Armenum haft gríðarlega mótandi áhrif á afstöðu tyrkneskra stjórnvalda og almennings. Hver afstaða hans var í raun og veru hefur hins vegar verið efni deilna á meðal fræðimanna. Sumir armenskir fræðimenn halda því fram að hann hafi opinberlega fordæmt atburðinn á meðan aðrir, eins og Taner Akçam, halda því fram að Kemal hafi í raun verið nokkuð áhugalaus um fjöldamorðin en þótt þau skammarlegur blettur á sögu Tyrklands. Afstaða Kemals þykir gríðarlega mikilvæg, bæði fyrir þá sem hafa barist fyrir málstað Armeníu en einnig tyrkneskra stjórnvalda. Fatma Ülgen, sem rannsakað hefur afstöðu Kemal, færir rök fyrir því að hann hafi haldið áfram þar sem forverar hans hættu og styrkt enn frekar afneitun tyrkneskra stjórnvalda. Ülgen segir Kemal hafa, með persónutöfrum og leiðtogahæfileikum sínum, ýtt undir hugmyndina um vondu, armensku morðingjana og

saklausu, kúguðu tyrknesku þjóðina. Á milli árána 1919-1938 var Kemal hugmyndafræðilegi hugsuður „nýja“ Tyrklands og óaðskiljanlegur ímynd þess (Ulgen 2010, 369-373).

Árið 1927 þegar Kemal var búinn að tryggja eins flokks stjórn, flokks síns, *Cumhuriyet Halk Partisi* (CHP) hélt hann ræðu í Ankara. Í ræðunni, sem kölluð er *Nutuk* í Tyrklandi, lýsir Kemal sögu sjálfstæðis Tyrklands, séð frá sínum sjónarhóli. Eftir flutning ræðunnar voru öndverðar frásagnir bannaðar þar til á sjötta áratug síðustu aldar og ræðan álitin heilagur, opinber sannleikur um uppruna og sjálfstæði tyrkneska lýðveldisins. Snemma í ræðunni berst talið að Armenum sem hann viðurkennir að beittir voru ofbeldi en dregur út þátttöku „fólksins“ (e. millet) í því og notar aldrei orðið fjöldamorð (e. massacre). Án þess að nafngreina einstaklinga skellir hann skuldinni á leiðtoga CUP. Þar fyrir utan ver hann ekki miklum tíma í að ræða voðaverkin gegn Armenum. Hins vegar eyðir hann miklu púðri í að fjalla um voðaverk framin af hálfu Armena, með aðstoð Frakka, við stofnun fyrsta armenska lýðveldisins og þátt Armena, Grikkja og annara kristinna minnihlutahópa í falli Ottómanveldis. Hann kallaði einnig hugmyndina að gefa Armenum sitt eigið landsvæði, ekki bara ómögulega heldur beinlínis hættulega, þar sem meirihluti íbúa væru annað hvort Tyrkir eða Kúrdar. Bæði í *Nutuk* og öðrum verkum Kemals er ofbeldinu gegn Armenum lýst sem sorglegri aukaafurð átaka og það sagt leiða af pólitískum og efnahagslegum hagsmunum vestrænna heimsvaldsinna, þar sem mikill fjöldi Armena og Tyrkja féllu (Ulgen 2010, 383-391). Það virðist því sem að orðræða og skoðanir Kemal hafi svipað til afstöðu Talât Paşa og þeirra stjórnvalda sem voru á undan honum.

Tyrknesk stjórnvöld reyndu einnig að bæla niður umfjöllun um atburðinn í öðrum ríkjum. Árið 1935 komst sendiherra Tyrklands í Washington að því að Metro-Goldwyn-Mayer (MGM) ætlaði að gera kvikmynd um armensku fjöldamorðin, byggða á bók Franz Werfel, *The Forty Days of Musa Dagh*. Sendiherrann tilkynnti bandarískum stjórnvöldum að bókin væri rógburður, uppfull af fyrirlitningu í garð Tyrkja og til þess fallin að skaða vinalegt samband milli ríkjanna. Bandarísk stjórnvöld töluðu við forstjóra MGM, sem fullvissaði tyrkneska sendiráðið að hætt yrði við framleiðslu myndarinnar samstundis. Ekki nóg með að Bandaríkjamenn hafa litið fram hjá meðferð tyrkneskra stjórnvalda á minnihlutahópum heldur hófu þeir einnig að ritskoða umfjöllun um atburðina innan sinna eigin landamæra (Bloxham 2006, 44). Ekki er hægt að segja að hugsjónir hafi ráðið viðbrögðum Bandaríkjana gagnvart hótunum Tyrkja en þeir fórnðu auðveldlega tjáningarfrelsi eigin borgara fyrir hentistefnu og eiginhagsmuni. Umræðan um fjöldamorðin á Armenum hvarf af sjónarsviðinu um tíma enda var vaxandi ókyrrð í Evrópu og markverðir atburðir í Þýskalandi sem drógu til sín alla athygli. Það var ekki fyrr en eftir seinni heimstyrjöldina og Helför nasista gegn gyðingum sem

umræðan um fjöldamorðin á Armenum vaknaði aftur en nú í tengslum við hugtakið þjóðarmorð. En hafði tilkoma hugtaksins einhver áhrif á afstöðu tyrkneskra stjórnvalda til fjöldamorðanna á Armenum?

### 3.3 Afstaða tyrkneskra stjórnvalda eftir 1948

Afstaða tyrkneskra stjórnvalda breyttist þegar hugtakið þjóðarmorð kom fram á sjónarsviðið. Eftir að seinni heimstyrjöldinni lauk og rykinu sem þyrlað var upp settist fóru fræðimenn að rannsaka Helförina og hvernig slík illvirki voru möguleg. Eins og komið hefur fram þá barðist Lemkin fyrir því að hugtakið þjóðarmorð yrði viðurkennt og það sem í því fælist gert glæpsamlegt. Bæði Helförin og fjöldamorðin á Armenum voru dæmi sem Lemkin notaði máli sínu til stuðnings, enda sá hann mikil líkindi með atburðunum. Tyrknesk stjórnvöld hafa hins vegar ávallt haldið afneitun sinni til streitu og á leiðinni fundið óvænta bandamenn. Þó ótrúlegt megi virðast þá styðja almennt hópar og samtök gyðinga málstað Tyrkja fram yfir málstað Armena. Hvernig getur staðið á því að þekktustu fórnarlömb þjóðarmorða taki afstöðu sem þessa? Í fyrsta lagi finnst mörgum gyðingum afstaða Armena ónákvæm og reynsla þeirra ekki svipuð þeirri sem þeir sjálfir upplifðu í Helförinni. Í öðru lagi hafa Tyrkir og gyðingar tengst vinaböndum í gegnum söguna. Í þriðja lagi deila Tyrkland og Ísrael mjög sterku hernaðarsambandi. Í fjórða lagi var Tyrkland fyrst allra íslamskra ríkja að lýsa yfir stuðningi við sjálfstæði Ísrael árið 1948 (Gunter 2011, 113). Það getur verið afdrifaríkt fyrir málstað Armena þegar gyðingar, skólabókardæmi um fórnarlömb þjóðarmorða, taka afstöðu gegn þeim. Að einhverju leyti má skilja að hugtakið þjóðarmorð hafi sérstaklega sterka þýðingu í augum gyðinga, enda þykir Helförin sérstök á meðal fjöldamorða sögunnar. En þrátt fyrir sérstöðu, sterkt hernaðarlegt samband á milli ríkjanna og viðskiptalega hagsmuni er erfitt að líta fram hjá þeirri hræsni sem felst í stuðningi þeirra við málstað tyrkneskra stjórnvalda.

Árið 1965 breyttist hins vegar umræðan og umhverfið sem hún fór fram í. Hugtakið þjóðarmorð var að festa rætur þegar Armenar um allan heim minntust þess að 50 ár voru liðin frá þjóðarmorðunum í Ottómanveldi. Bandarískir nemendur gengu í mótmælaskyni að tyrkneska sendiráðinu, þingið í Líbanon samþykkti ályktun þess efnis að greiða skyldi Armenum skaðabætur og utanríkisráðherra Kýpur kallaði fjöldamorðin þjóðarmorð, á gólfi Sameinuðu þjóðanna. Á þessum tíma voru ríki heimsins nokkurn veginn búin að sammælast um lagaleg og siðferðileg mörk mannréttinda. Því skapaðist rými til að hugsa á nýjan máta um fjöldamorðin á Armenum, sem árið 1915 voru kölluð glæpur gegn mannkyninu (e. crime

against humanity). Það má í raun segja að upp úr 1960 hafi átt sér stefnubreyting í fræðilegri umræðu um fjöldamorðin á Armenum og áhugi fræðimanna á hugtakinu þjóðarmorð fór vaxandi. Viðbrögð tyrkneskra stjórnvalda urðu sífellt fjandsamlegri í kjölfarið og sýndu sig helst í sívaxandi afneitun af þeirra hálfu, en þar nutu þau aðstoðar almannatengla. Í kringum 1970 einkenndi mikill ofsi afneitun tyrkneskra stjórnvalda og tilraunir þeirra til að stjórna almenningssálitinu. Þau þrýstu á fjölmiðla að nota ekki orðið þjóðarmorð og kröfðust þess að „hlið Tyrkja“ fengi jafn mikið vægi og „hlið Armena“ í umfjöllun þeirra um atburðinn. Stjórnvöld reyndu að grafa undan málstað Armena með því að tala um það sem „meint þjóðarmorð“, kalla það borgarastyrjöld og vísitandi draga úr fjölda Armena sem féllu (Balakian 2005, 377-379).

Hryðjuverkaárásir Armena gegn Tyrkjum milli 1970-1990 voru ekki til þess fallnar að bæta ástandið og samskiptin milli þjóðanna. Sem dæmi gerðu hryðjuverkasamtökin *Armenian Secret Army for the Liberation of Armenia* (ASALA) blóðuga árás á flugvöllinn í Ankara og myrtu tyrkneskan diplómata í Kanada (Gunter 2011, 99). Árið 1983 komu hryðjuverkasamtökin síðan fyrir sprengju á Orly flugvöllinum í París sem banaði sex manns. Leiðtogar samfélags Armena í Frakklandi mótmæltu árásinni þó harðlega og sögðu hana til þess fallna að draga úr samúð almenningss með málstað Armena. Kenan Evren, þáverandi forseti Tyrklands, lýsti því yfir að þolinmæði Tyrkja væri á þrotum (New York Times 1983).

Afneitun tyrkneskra stjórnvalda virkaði sem olía á eldinn fyrir talsmenn málstaðar Armena. Fræðimennska í kringum atburðinn efldist smám saman. Árið 1978 kom út ritaskrá eftir Richard G. Hovannisian sem innihélt heimildir um það sem hann kallaði „armensku helförina“ (e. Armenian holocaust). Armenskir fræðimenn fóru að skrifa um atburðinn og tókust á við aðra fræðimenn, sem sumir hverjir voru kostaðir af tyrkneskum stjórnvöldum. Deilurnar snerust um atriði eins og fjölda fórnarlamba, hlutverk og ábyrgð CUP og hvort fjöldamorðin hafi verið afleiðing borgarastríðs eða þjóðarmorð. Árið 1982 var haldin alþjóðleg ráðstefna um þjóðarmorð í Tel Aviv þar sem fjöldamorðin á Armenum áttu m.a. að vera til umræðu. Tyrknesk stjórnvöld mótmæltu ráðstefnunni harðlega og þrýstu á ísraelsk stjórnvöld að stöðva hana. Margir gyðingar hættu við að taka þátt, þar á meðal nokkrir þekktir bandarískir gyðingar. Aftur á móti fékkst Israel W. Charny, skipuleggjandi ráðstefnunnar, ekki til að hætta við hana. Fjórum árum síðar héldu samtökin *Permanent Peoples' Tribunal*, stofnuð af ítalska öldungardeildarþingmanninum Lelio Basso, „réttarhöld“ í París, til að skera úr um hvort fjöldamorðin á Armenum væru þjóðarmorð eður ei. Eftir að hafa hlustað á framburð þekktara fræðimanna og skoðað röksemdafærslur tyrkneskra stjórnvalda og þeirra stuðningsmanna komst kviðdómurinn að þeirri niðurstöðu að fjöldamorðin á Armenum hefðu

verið þjóðarmorð (Suny 2015, 369-371). Afneitun tyrkneskra stjórnvalda versnaði í kjölfarið og baráttan harðnaði.

Árið 1984 var gerð tilraun til að koma ályktun í gegnum bandaríska þingið, þess efnis að minnast ætti „armensku þjóðarmorðanna“. Tyrknesk stjórnvöld svöruðu með hótunum um lokun bandarískra herstöðva í landinu og lét Ronald Reagan, þáverandi forseti Bandaríkjanna, auðveldlega undan. Árið 2000 lagði þingið fram ályktun þess efnis að Bill Clinton, þáverandi forseti Bandaríkjanna, myndi í árlegri minningarræðu sinni um fjöldamorðin á Armenum nota orðið þjóðarmorð. Aftur stóð ekki á viðbrögðum Tyrkja sem sendu nokkra af sínum eigin þingmönnum til Washington til að þrýsta á nefndina, sem var með ályktunina til umfjöllunar, og fá hana til að hafna henni. Þegar það gekk ekki hótuðu tyrknesk stjórnvöld að banna Bandaríkjamönnum að nota tyrkneskar flugstöðvar, þar á meðal þær sem voru við landamæri Íraks. Einnig hótuðu þeir að slíta öllum vopnasamningum sínum við Bandaríkin. Enn voru Bandaríkjamenn fastir fyrir og í kjölfarið greip um sig móðursýki á meðal tyrkneskra stjórnvalda, sem sáu sig knúin til að tilkynna bandarískum stjórnvöldum að væri ályktunin samþykkt myndi það leggja samband ríkjanna í rúst. Um þessar mundir fór einnig ofbeldi á milli Ísraels og Palestínu vaxandi og ringulreið ríkti í Mið-Austurlöndum. Hótanir frá tyrkneskum stjórnvöldum og þrýstingur frá Ísrael bar árangur að lokum því Bill Clinton krafðist, í nafni þjóðaröryggis, að ályktuninni yrði hafnað (Balakian 2005, 387-389).

Þrýstingur frá Bandaríkjunum og Evrópu á tyrknesk stjórnvöld að viðurkenna þjóðarmorðin á Armenum hefur aukist síðustu ár. Árin 1984, 1999 og 2007 reyndu nokkrir bandarískir stjórnámálamenn að fá fjöldamorðin viðurkennd sem þjóðarmorð með því að leggja fram ályktanir þess efnis. Tyrknesk stjórnvöld héldu áfram að svara með hótunum um að slíkt væri skaðlegt stjórnámbandi ríkjanna og ályktununum því hafnað. Á meðan gott samband við Tyrkland skipti Bandaríkin miklu máli ákvað Evrópuþingið, þann 28. september árið 2005, að samþykkja það sem skilyrði fyrir inngöngu í sambandið að umsóknarríki viðurkenndi fjöldamorðin á Armenum sem þjóðarmorð. Tyrknesk stjórnvöld, sem lengi höfðu reynt að gerast aðili að Evrópusambandinu, álitu þetta fordæmalaus kröfu þar sem hún væri hvorki hluti af opinbera umsóknarferlinu né Kaupmannahafnar-skilyrðunum. Ásamt því að hafa mjög neikvæð áhrif á viðhorf almennings í landinu til Evrópusambandsins var þetta séð sem skýr tilraun til að koma í veg fyrir inngöngu Tyrklands í Evrópusambandið. Ákvörðun Evrópuþingsins hafði skaðleg áhrif á lýðræðisvæðingu Tyrklands og ýtti undir mikilvægi greinar 301 í tyrkneskum hegningarlögum á meðal Tyrkja, sérstaklega þjóðernissinna, sem álitu hana nauðsynlega í baráttunni gegn öllu því sem væri skaðlegt Tyrklandi. Undir grein 301, sem tók gildi sumarið 2005, var meðal annars glæpur að móðga „heiður Tyrklands“ (e.

Turkishness). Margir þekktir höfundar og menntamenn, sem hafa tjáð sig um fjöldamorðin, hafa verið sóttir til saka á grundvelli þessara laga (Açar og Rüma 2007, 450-451).

Ritskoðun hefur einnig verið öflugt vopn tyrkneskra stjórnvalda í baráttunni gegn málstað Armena og hafa ófáar bækur verið ritskoðaðar. Nazan Maksudyan rannsakaði hversu mikið af því sem skrifað hefur verið um fjöldamorðin á Armenum hefur náð inn á borð tyrkneskra lesenda. Hún bar saman nokkrar sögubækur, sem þýddar hafa verið yfir á tyrknesku, við upprunalegu útgáfunar. Niðurstöður hennar benda til að mikillar ritskoðunar gætir í tyrknesku útgáfunum. Það sem helst hefur verið ritskoðað eru ástæðurnar fyrir fjöldamorðunum, hverjir voru ábyrgir, ásetningurinn á bak við morðin sem og söguleg smáatriði. Einna áhugaverðast við niðurstöður hennar er að hugtakið þjóðarmorð virðist ekki helsta ástæða ritskoðunar. Rök hennar fyrir því eru að sumar bækur voru ritskoðaðar vandlega þrátt fyrir að það hafi ekki einu sinni verið minnst á hugtakið þjóðarmorð í þeim á meðan aðrar bækur, þar sem hugtakið þjóðarmorð kom oft fyrir, voru ekkert ritskoðaðar. Hún segir að líklegt sé að ráðandi þjóðernisöfl í Tyrklandi sætti sig við tvískipta rökræðu, um hvort fjöldamorðin hafi verið þjóðarmorð eða ekki. Þannig geta þau haldið umræðunni einfaldri og komist hjá því að svara erfiðum spurningum um fjöldamorðin. Tvískipta rökræðan einkennist af merkingarlausu pólitísku, lögfræðilegu eða diplómátísku tæknimáli, á meðan að söguleg sannindi fá lítið sem ekkert vægi (Maksudyan 2009, 648).

Afstaða tyrkneskra stjórnvalda til fjöldamorðanna á Armenum hefur frá upphafi verið frekar skýr. Recep Tayyip Erdoğan, núverandi forseti Tyrklands, hefur tekið sömu afstöðu og forverar sínir. Hann hefur meðal annars sagt að Tyrkland gæti ekki gengist við slíkum glæp sem þjóðarmorð væri, þar sem það hefði aldrei verið framið. Þegar Frans páfi notaði hugtakið til að lýsa fjöldamorðunum á Armenum brást Erdoğan ókvæða við, las sendiherra Vatíkansins í Ankara pistilinn og kallaði tyrkneska erindreka heim frá Vatíkaninu í mótmælaskyni (Guardian 2015).

Þrátt fyrir að afstaða tyrkneskra stjórnvalda hafi ávallt einkennst af afneitun er engu að síður frekar ljóst að með tilkomu hugtaksins þjóðarmorð hefur afneitun þeirra versnað. Tyrknesk stjórnvöld hafa gengið lengra í baráttu sinni gegn málstað Armena eftir árið 1948 og bestu dæmin um það má finna í samskiptum þeirra við Bandaríkin. Hugtakið þjóðarmorð, eins og sýnt hefur verið fram á, býr yfir miklum áhrifamætti og hefur með tímanum orðið samnefni allra skelfilegustu glæpa sem ríki geta framið gegn ákveðnum hópum, innan eða utan eigin landamæra (Suny 2015, 350). Það væri því áfall fyrir þjóðarsál Tyrkja að viðurkenna slíkan óskapnað. Því hefur sífellt háværi krafa um viðurkenningu Tyrklands á þjóðarmorði haft í för með sér að tyrknesk stjórnvöld verða ákveðnari í afneitun sinni.

## Samantekt og niðurstöður

Í þessari ritgerð var leitast við að rannsaka áhrif hugtaksins „þjóðarmorð“ á afstöðu tyrkneskra stjórnvalda til fjöldamorðanna á Armenum í Ottómanveldi. Í fyrsta hluta ritgerðarinnar var byrjað á að skilgreina hugtakið „þjóð“ en það var forsenda þess að hægt væri að halda áfram. Næst var gert ítarlega grein fyrir því hvað felst í hugtakinu þjóðarmorð en líkt og kom fram í inngangi er hugtakið margræðið og vandmeðfarið. Þar á eftir var gerð grein fyrir lagalegri og alþjóðlegri skilgreiningu Sameinuðu þjóðanna á þjóðarmorðum og gagnrýni fræðimanna á hana. Uppistaðan í þeirri gagnrýni var sú að skilgreiningin væri of takmörkuð en Lemkin, „faðir hugtaksins“, sagði einmitt að það bæri að forðast að skilgreina þjóðarmorð of þröngt. Af þeim ástæðum var næsti kafli tileinkaður endurskilgreiningum fræðimanna á hugtakinu, sem flestir vilja að hugtakið nái til fleiri hópa fórnarlamba. Til dæmis hópa sem skilgreindir eru á félags- eða stjórnómálaglegum grundvelli. Þar á eftir var flókið samband milli stríða og þjóðarmorða skoðað. Sterk innbyrðis tengsl á milli hugtakanna hafa gert fræðimönnum erfitt með að skilja eitt frá öðru en þrátt fyrir að stríð sé stundum nægjanlegt skilyrði fyrir þjóðarmorðum er það ekki nauðsynlegt. Í framhaldinu voru síðan skoðuð önnur hugtök, á borð við „þjóðernishreinsanir“, sem orðið hafa til við vinnu fræðimanna og stofnana á sviði þjóðarmorða. Tilgangur fræðimanna var að einfalda viðfangsefnið en að margra mati gerði tilurð nýrra hugtaka það flóknara og samanburður á milli kenninga varð erfiðari. Í lok fyrsta hluta ritgerðarinnar voru nefndar nokkrar af helstu útskýringum fræðimanna fyrir orsökum þjóðarmorða en svo virðist sem orsakir þeirra sé að finna í flóknu samspili fjölda breytna. Þó hefur ekki tekist að sýna fram á ákveðið mynstur því breyturnar virðast orka hver á aðra með ólíkum hætti í hverju tilfelli fyrir sig.

Í öðrum hluta ritgerðarinnar var farið yfir sögu fjöldamorðanna á Armenum í Ottómanveldi milli ára 1894-1917. Ekki er vitað hversu margir Armenar voru myrtir en yfirleitt er talað um á milli 1,2 - 1,5 milljónir. Flest fórnarlömbin voru myrt í skipulögðum brottflutningum tyrkneskra stjórnvalda, bæði á leiðinni á áfangastað og þegar þangað var komið. Í þriðja og síðasta hlutanum voru upplýsingar úr fyrri tveimur hlutum ritgerðarinnar notaðar til að færa rök fyrir því að fjöldamorðin á Armenum hafi í raun verið þjóðarmorð samkvæmt fræðilegu skilgreiningunni á hugtakinu. Þar á eftir var borin saman afstaða tyrkneskra stjórnvalda til fjöldamorðanna á Armenum fyrir og eftir árið 1948. Afstaða tyrkneskra stjórnvalda hefur ávallt einkennst af afneitun en færð voru rök fyrir því að þau hafi orðið fastari fyrir í afneitun sinni eftir að hugtakið þjóðarmorð kom fram á sjónarsviðið árið 1948.



## Lokaorð

Það verður áhugavert að fylgjast með hvort vaxandi fjöldi ríkja og stofnana sem viðurkenna fjöldamorðin á Armenum sem þjóðarmorð ásamt auknum vilja fræðimanna til að víkka út hugtakið muni í framtíðinni knýja fram breytingar á skilgreiningu Sameinuðu þjóðanna. Erfitt er að ímynda sér að tyrknesk stjórnvöld geti haldið sig við stöðu afneitunar í svo þrúgandi andrúmslofti án þess að bera töluverðan skaða af. Finna má margar mögulegar ástæður fyrir afneitun Tyrkja en á henni bera Talât Paşa og þáverandi stjórnvöld *Jön Türkler* ásamt Mustafa Kemal *Atatürk* mestu ábyrgðina, enda hefst saga afneitunar með þeim. Síðan þá hefur afneitunin verið kennd í skólum og stjórnvöld beita ýmsum leiðum í baráttunni gegn málstað Armena líkt og komið hefur fram. Tyrkir gera sér einnig grein fyrir því hvað felst í hugtakinu þjóðarmorð og fyrir mörgum er einfaldlega óhugsandi að forfeður þeirra hafi getað framið slík illvirki. Viðurkenning á slíku illvirki getur því grafið undan stofnun Tyrklands sem siðmenntað nútíma ríki og skaðað þá ímynd sem Tyrkir nota til samsömunar. Þrátt fyrir að hart sé sótt að tyrkneskum stjórnvöldum eru þau úrræðagóð í baráttu sinni. Tyrkland er einnig gríðarlega hernaðarlega mikilvægt í augum Bandaríkjamanna en þá staðreynd hafa tyrknesk stjórnvöld notfært sér til að beygja eitt öflugasta ríki heims eftir sínum vilja, sem virðist reyndar verða erfiðara eftir því sem fram líður. Einnig er mögulegt að ráðandi þjóðernisöfl í Tyrklandi sætti sig vísvitandi við tvískipta rökræðu, um hvort fjöldamorðin hafi verið þjóðarmorð eða ekki, og komi sér hjá því að svara raunverulegum spurningum um atburðinn. Tvíráðnin virðist því vera ein síðasta vörn tyrkneskra stjórnvalda.

Ritgerð þessi er lítið framlag til vaxandi fræðilegrar umfjöllunar um þjóðarmorð. Að margra mati eru þjóðarmorð versti glæpur sem ríki geta gerst sek um og því mikilvægt að finna skilvirkar og áhrifamiklar leiðir til að koma í veg fyrir þau, ásamt þess að refsa þeim sem þau hafa framið. Sú vinna er í gangi og sem dæmi má nefna sérstakar samþykktir Sameinuðu þjóðanna, á borð við „skylduna til að vernda“ (e. responsibility to protect), og stofnun þjóðlegra eða alþjóðlegra stofnana sem hafa það verkefni að koma í veg fyrir þjóðarmorð. Með stofnun Alþjóðaglæpadómstólsins (e. International Criminal Court) árið 1998 varð svo til ný vídd í baráttunni gegn þjóðarmorðum. Einnig hafa minningarathafnir verið haldnar og sannleiksnefndir stofnaðar í þeim tilgangi að gefa fórnarlömbum rödd og minna kynslóðir framtíðarinnar á fjöldamorð fortíðarinnar (Ingelaere o.fl., 2013, 1).

Baráttan gegn þjóðarmorðum og öðrum alþjóðlegum glæpum hvílir hins vegar fyrst og fremst á ríkjunum sjálfum og verða þau að búa yfir fjölbreyttum úrræðum til þess. Forsenda baráttunnar er þó skilningur og þekking á þjóðarmorðum (Jan Wouters og Sten Verhoeven

2013, 205-206). Skilningurinn er að aukast og verður alþjóðasamfélagið að láta efndir fylgja orðum, en hingað til hafa viðbrögð ríkja við þjóðarmorðum ekki verið til fyrirmyndar. Fyrir því eru auðvitað margar ástæður. Alþjóðasamfélagið er stórt, samskipti innan þess marglaga og flókin og hagsmunir ríkja breytilegir. Lagaleg skilgreining þjóðarmorða er takmörkuð og það sem kalla mætti siðferðislega skyldu ríkja fer því miður oft fyrir lítið. Baráttan gegn þjóðarmorðum á því enn á brattann að sækja en með auknum áhuga og skilningi fræðimanna, alþjóðastofnana og stjórnámálanna á þjóðarmorðum verður hún auðveldari. Þekking ásamt hnattvæddum samskiptum gerir ríkjum erfiðara fyrir að fela fjöldamorð og annað ofbeldi sem þau beita, sem og að aflaga ástæðurnar sem liggja þar að baki.

## Heimildaskrá

- Anderson, Benedict. 1983. *Imagined Communities*. London: Verso.
- Açar, Dilaver A og Inan Rüma. 2007. „External Pressure and Turkish Discourse on Recognition of the Armenian Genocide.“ *Southeast European and Black Sea Studies* 7(3):449-465. Sótt 3. ágúst, doi: 10.1080/14683850701566419
- Akçam, Taner. 2006. *A Shameful Act: The Armenian Genocide and the Question of Turkish Responsibility*. Þýðandi Paul Bessemer. New York: Henry Holt and Company
- Armenian Genocide Centennial. 2015. „Lights of Eiffel Tower to be switched off on April 24.“ Fréttatilkynning 22. apríl 2015. Sótt 7. júlí 2015. <http://armeniangenocide100.org/en/lights-of-eiffel-tower-to-be-switched-off-on-april-24-2/>
- Armenian Genocide Centennial. 2015. „States which recognized the Armenian Genocide“. Sótt 30. júlí: <http://armeniangenocide100.org/en/states/>
- Balakian, Peter. 2005. *The Burning Tigris: A History of the Armenian Genocide*. London: Pimlico
- Balakian, Peter. 2013. „Raphael Lemkin, Cultural Destruction, and the Armenian Genocide“ *Holocaust and Genocide Studies* 27(1):57-89. Sótt 3. júlí, doi:10.1093/hgs/dct001
- Bartrop, Paul. 2002. „The relationship between war and genocide in the twentieth century: a consideration.“ *Journal of Genocide Research* 4(4):519-532. Sótt 30. júní, doi:10.1080/146235022000000445
- Bloxham, Donald. 2006. „The roots of American genocide denial: Near Eastern geopolitics and the interwar Armenian question.“ *Journal of Genocide Research* 8(1):27-49. Sótt 9. júlí, doi:10.1080/14623520600552843
- Brittney Mejia, Taylor Goldenstein og Howard Blume. 2015. „Armenian genocide: Massive march ends at Turkish consulate in L.A.“ *latimes.com*. 24. apríl. Sótt 14. júlí 2015. <http://www.latimes.com/local/lanow/la-me-ln-armenian-genocide-march-los-angeles-20150424-story.html>
- Chalk, Frank. 1989. „Genocide in the 20<sup>th</sup> Century: Definitions of genocide and their implications for prediction and prevention.“ *Holocaust and Genocide Studies* 4(2):149-160. Sótt 15. júní 2015
- Dadrian, Vahakn N. 2003. *The History of the Armenian Genocide: Ethnic Conflict from the Balkans to Anatolia to the Caucasus*. 3. útg. New York: Berghahn Books
- Dadrian, Vahakn N. 2003. „The signal fact the Armenian genocide and the Turkish denial syndrome.“ *Journal of Genocide Research* 5(2):269-279. Sótt 25. júlí 2015.
- De Waal, Thomas. 2015. „The G-Word“ *Foreign Affairs* 94 (1):136-138. Sótt 2. júlí.
- Dionne Jr, Eugene J. 1983. „Death toll climbs to 6 in Orly bombing.“ *nytimes.com*. 17. júlí. Sótt 4. ágúst 2015. <http://www.nytimes.com/1983/07/17/world/death-toll-climbs-to-6-in-orly-bombing.html>
- Ferrara, Antonio. 2015. „Beyond genocide and ethnic Cleansing: A demographic surgery as a new way to understand mass violence“ *Journal of Genocide Research* 17(1):1-20. Sótt 30. Júní, doi:10.1080/146235282015991204
- Guardian. 2015. „Turkey cannot accept Armenian genocide label, says Erdoğan.“ *guardian.com*. 15. apríl. Sótt 5. ágúst 2015. <http://www.theguardian.com/world/2015/apr/15/turkey-cannot-accept-armenia-genocide-label-erdogan>

- Gunter, Michael M. 2011. *Armenian History and the Question of Genocide*. New York: Palgrave Macmillan
- Harff, Barbara. 2003. „No Lessons Learned from the Holocaust? Assessing Risks of Genocide and Political Mass Murder since 1955.“ *American Political Science Review* 97(1):57-73. Sótt 16. júní.
- Ingelaere, Bert, Stephan Parmentier, Jacques Haers SJ og Barbara Segaert. 2013. „Introduction.“ Í *Genocide, Risk and Resilience: An Interdisciplinary Approach*. Ritstjórar Bert Ingelaere, Stephan Parmentier, Jacques Haers SJ og Barbara Segaert, 1-22. New York: Palgrave Macmillan.
- Institute for Human Sciences. 2013. „Lemkin and Lauterpacht in Lemberg and Later: Pre- and Post-Holocaust Careers of Two East European International Lawyers.“ Síðast uppfært 2013. Sótt 27. júní 2015. [http://www.iwm.at/read-listen-watch/transit-online/lemkin-and-lauterpacht-in-lemburg-and-later-pre-and-post-holocaust-careers-of-two-east-european-international-lawyers/#\\_ftn2](http://www.iwm.at/read-listen-watch/transit-online/lemkin-and-lauterpacht-in-lemburg-and-later-pre-and-post-holocaust-careers-of-two-east-european-international-lawyers/#_ftn2)
- International Committee of the Red Cross. 9. Desember 1948. Treaties and States Parties to such Treaties, „Convention on the Prevention and Punishment of the Crime of Genocide.“ Sótt 16. Júní 2015 af <https://www.icrc.org/applic/ihl/ihl.nsf/Treaty.xsp?documentId=1507EE9200C58C5EC12563F6005FB3E5&action=openDocument>
- International Criminal Court. Án ártals. „What are crimes against humanity?“ Sótt 4. júlí 2015 af [http://www.iccpi.int/en\\_menus/icc/about%20the%20court/frequently%20asked%20questions/Pages/12.aspx](http://www.iccpi.int/en_menus/icc/about%20the%20court/frequently%20asked%20questions/Pages/12.aspx)
- International Criminal Court. Ekkert ártal. „What are war crimes?“ Sótt 4. júlí 2015 af [http://www.iccpi.int/en\\_menus/icc/about%20the%20court/frequently%20asked%20questions/Pages/13.aspx](http://www.iccpi.int/en_menus/icc/about%20the%20court/frequently%20asked%20questions/Pages/13.aspx)
- Kifner, John. Ekkert ártal. „Armenian Genocide of 1915: An Overview.“ *nytimes.com*. Engin dagsetning. Sótt 15. júlí 2015. [http://www.nytimes.com/ref/timestopics/topics\\_armeniangenocide.html](http://www.nytimes.com/ref/timestopics/topics_armeniangenocide.html)
- Kunz, Josef L. 1949. „The United Convention on Genocide.“ *The American Journal of International Law* 43(4):738-746. Sótt 15. júní.
- Lewy, Guenter. 2005. *The Armenian Massacres in Ottoman Turkey: A Disputed Genocide*. Salt Lake City: The University of Utah Press
- Lieberman, Benjamin. 2012. „Ethnic Cleansings versus Genocide?“ Í *The Oxford Handbook of Genocide Studies* 1-13. Sótt 22. júní, doi: 10.1093/oxfordhb/9780199232116.013.0003
- Mann, Michael. 2011. „Processes of murderous cleansing/genocide: comment on Hagan and Keiser.“ *British Journal of Sociology* 62(1):42-48. Sótt 18. júlí, doi: 10.1111/j.1468-4446.2010.01352.x
- Parmentier, Stephan. 2013. „Confronting the „Crime of Crimes“: Key Issues of Transitional Justice after Genocide.“ Í *Genocide, Risk and Resilience: An Interdisciplinary Approach*. Ritstjórar Bert Ingelaere, Stephan Parmentier, Jacques Haers SJ og Barbara Segaert, 108-127. New York: Palgrave Macmillan.
- Scales, Len. 2012. „Central and Late Medieval Europe.“ Í *The Oxford Handbook of Genocide Studies* 1-16. Sótt 22. júní, doi: 10.1093/oxfordhb/9780199232116.013.0015

- Schabas, William A. 2003. „Ethnic Cleansing and Genocide: Similarities and Distinctions“ *European Yearbook of Minority Issues Online* 3(1):109-128. Sótt 30. júní, doi:10.1163/221161104X00075
- Shaw, Martin. 2007. „The general hybridity of war and genocide.“ *Journal of Genocide Research* 9(3):461-473. Sótt 30. júní, doi:10.1080/14623520801584281
- Shaw, Martin. 2007. *What is Genocide?* Cambridge: Polity Press.
- Shaw, Martin. 2013. „The Concept of Genocide: What Are We Preventing?“. Key Issues of Transitional Justice after Genocide.“ Í *Genocide, Risk and Resilience: An Interdisciplinary Approach*. Ritstjórar Bert Ingelaere, Stephan Parmentier, Jacques Haers SJ og Barbara Segaeert, 108-127. New York: Palgrave Macmillan.
- Singley, Carol J. 2003. „Race, Culture, Nation: Edith Wharton and Ernest Renan“ *Twentieth Century Literature* 49(1):32-45. Sótt 14. júlí.
- Suny, Ronald Grigor. 2015. „They Can Live in the Desert but Nowhere Else“: A History of the Armenian Genocide. New Jersey: Princeton University Press
- Thucydides. 416 f.kr. Sótt 14. júlí.  
[http://www2.warwick.ac.uk/fac/arts/classics/students/modules/introhist/usefuldocuments/thucydides\\_v.84-116.pdf](http://www2.warwick.ac.uk/fac/arts/classics/students/modules/introhist/usefuldocuments/thucydides_v.84-116.pdf)
- Ulgen, Fatma. 2010. „Reading Mustafa Kemal Atatürk on the Armenian genocide of 1915.“ *Patterns of Prejudice* 44(4):369-391. Sótt 27. júlí, doi: 10.1080/0031322X.2010.510719
- Valentino, Benjamin. 2007. „Final solutions: The causes of mass killing and genocide.“ *Security Studies* 9(3):1-59. Sótt 19. júní, doi: 10.1080/0963641000842940
- Verdeja, Ernesto. 2012. „The Political Science of Genocide: Outlines of an Emerging Research Agenda.“ *Perspectives on Politics* 10(2):307-321. Sótt 22. júní, doi: 10.1017/S1537592712000680
- Visvanathan, Shiv. 2006. „Nation“ *Theory, Culture and Society* 23(2-3):533-549. Sótt 3. júlí, doi: 10.1177/026327640606170
- Wees, Hans van. 2012. „Genocide in the Ancient World.“ Í *The Oxford Handbook of Genocide Studies* 1-14. Sótt 22. júní, doi: 10.1093/oxfordhb/9780199232116.013.0013
- Weitz, Eric D. and Robert M. Hayden. 2008. „Comment: On the Meaning of Genocide and Genocide Denial (with Reply).“ *Slavic Review* 67(2):415-421. Sótt 22. júní.
- Wouters, Jan og Sten Verhoeven. 2013. „The domestic prosecution of genocide.“ Í *Elements of Genocide*. Ritstjórar Paul Behrens and Ralph Henham, 177-206. New York: Routledge.

